

Ársskýrsla LSR 2024

Ársskýrsla LSR 2024

Aframhaldandi vöxtur á árinu

Merkir áfangar nást á góðu rekstrarári

Ávarp stjórnarformanns

Árið 2024 var gott rekstrarár fyrir LSR eftir erfiðar aðstæður á mörkuðum síðustu tvö árin þar á undan. Hrein raunávöxtun sjóðsins í heild var 7,1%, sem er rúmlega tvöfalt ávöxtunarviðmið íslenskra lífeyrissjóða. Í ágúst síðastliðnum fór eignasafn sjóðsins í fyrsta sinn yfir 1.500 milljarða og var LSR þar með fyrstur íslenskra lífeyrissjóða til að rjúfa þann múr. Einungis um fimm ár eru síðan eignasafnið náði 1.000 milljörðum og sjóðurinn er því í örum vexti.

Fleiri merkir áfangar náðust á árinu 2024. Í heildina námu lífeyrisgreiðslur úr A- og B-deildum LSR ríflega 102 milljörðum króna og er það í fyrsta sinn sem greiðslur sjóðsins úr samtryggingarsjóðum fara yfir 100 milljarða á einu ári. Lífeyrisþegar voru að meðaltali rúmlega 33.000 á árinu og þýðir það í raun að LSR er einn allra stærsti og umfangsmesti launagreiðandi landsins.

Þá er það einnig jákvætt að í árslok var tryggingafræðileg staða A-deildar jákvæð um 1,2% og er það í fyrsta sinn síðan árið 2016 sem eignir deildarinnar eru umfram skuldbindingar. Gott jafnvægi milli eigna og skuldbindinga er lykilforsenda fyrir því að lífeyrissjóður geti sinnt hlutverki sínu til framtíðar og því er afar jákvætt fyrir A-deildina að tryggingafræðileg staða sé réttu megin við núllið.

Lífeyrissjóðir ávaxta fjármuni sjóðfélaga yfir mjög langan tíma og því er það langtímaárangurinn sem skiptir máli. Tímabundnar sveiflur munu ávallt eiga sér stað á fjármálamörkuðum, en reynslan hefur sýnt okkur að með skynsamlegri áhættudreifingu og langtímahugsun í fjárfestingum næst besta ávöxtunin yfir lengri tíma. Á endanum stendur þessi ávöxtun svo undir verulegum hluta af lífeyrisgreiðslum framtíðarinnar en tíu ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar A-deildar er 4,2%.

Stafræn vegferð LSR heldur áfram

Stafræn vegferð LSR hélt áfram á árinu og fjölmörg verkefni



voru unnin sem miðuðu að því að efla þjónustu við sjóðfélaga. Það er í samræmi við stefnuýfirlýsingu sjóðsins, sem segir að sjóðurinn skuli leggja áherslu á fyrirmyndarþjónustu og öfluga upplýsingatækni. Sýnilegast var að nýr vefur og Mínar síður sjóðfélaga voru sett í loftið. Þar er sérstök áhersla lögð á að bæta upplýsingagjöf og auka þjónustu. Með því að færa þessa mikilvægu þjónustubætti í nútímahorf er starfsfólki jafnframt gert kleift að þróa stafrænar lausnir fyrir sjóðfélaga hraðar og betur en áður. Við erum hvergi nærri hætt á þessari braut og fleiri umbótaverkefni sem tengjast stafrænni þjónustu eru þegar komin í vinnslu.

Að auki hafa ýmsar aðrar nýjungar sem snúa að innri kerfum verið innleiddar eða eru í þróun. Þar ber hæst viðskiptamannakerfi sem gerir starfsfólki kleift að veita markvissari þjónustu og sinna sjóðfélögum enn betur en áður. Það er umfangmikið verkefni sem skiptist í nokkra áfanga. Hver og einn þessara áfanga mun efla þjónustu LSR enn frekar á komandi misserum.

LSR vinnur með persónuupplýsingar sjóðfélaga á degi hverjum og við gerum okkur fulla grein fyrir mikilvægi þess að tryggja öryggi upplýsingatæknilausna sjóðsins. Því hefur sífellt aukin áhersla verið lögð á að efla varnir sjóðsins gegn hvers konar stafrænum ógnum, sem fara vaxandi með hverju árinu.

„Nýlegar kannanir hafa sýnt að LSR er í fremstu röð hvað varðar ánægju sjóðfélaga með þjónustu síns lífeyrissjóðs.“

Þá má einnig nefna að nýleg lagabreyting heimilar lífeyrissjóðum að senda sjóðfélögum upplýsingar með rafrænum

hætti. Það gerði LSR kleift að senda sjóðfélögum regluleg yfirlit ársins 2024 rafrænt í stað þess að prenta út og senda tugþúsundir pappírskyfirlita. Það er mikið framfaraskref sem minnkar pappírsmisnotkun auk þess að lækka kostnað við prentun og pósthætti.

Það er ánægjulegt að áherslur LSR á aukna þjónustu við sjóðfélaga eru farnar að skila árangri. Nýlegar kannanir meðal sjóðfélaga íslenskra lífeyrissjóða hafa sýnt að LSR er í fremstu röð hvað varðar ánægju sjóðfélaga með þjónustu síns lífeyrissjóðs og hefur ánægja sjóðfélaga LSR aukist síðustu misseri. Enn fleiri verkefni sem tengjast þjónustu við sjóðfélaga eru í vinnslu og undirbúningi og verður spennandi að fylgjast með afrakstri þeirra.

Ákall um þátttöku í íslensku viðskiptalífi

Á síðasta ári fór fram lífleg opinber umræða um hlutverk lífeyrissjóða sem eigenda, bæði hvað varðar þátttöku á aðalfundum, stjórnarkjör eða aðkomu að einstökum málum hvers félags. Sitt sýnist hverjum í þessum efnum en við sem sitjum í stjórn LSR höfum heyrt skýrt ákall frá okkar sjóðfélögum um að sjóðurinn eigi ekki að sitja hjá við ákvarðanatöku í þeim fyrirtækjum sem sjóðurinn á hlut í. Við viljum bregðast við því, en ávallt með fagleg vinnubrögð að leiðarljósi þar sem mál fá vandaða málsmeðferð í samræmi við eigenda- og sjálfbærnistefnur sjóðsins. Þannig tekur LSR hlutverk sitt sem þátttakanda í íslensku atvinnulífi alvarlega. Við leggjum áherslu á að hafa jákvæð áhrif með virku samtali við þau félög sem sjóðurinn fjárfestir í og munum grundvallar ákvarðanir á þeim viðskiptalegu langtímahagsmunum sem okkur er falið að standa vörð um, eins og segir í eigendastefnu sjóðsins.

Sjálfbærni skiptir lykil máli

Þegar við lítum á stóru myndina eru viðsjárverðir tímar á alþjóðavettvangi. Síðustu misserin höfum við því miður horft upp á aukinn stríðsrekstur víða um heim og uppgang öfga- og sundrunararfla. Þá hafa milliríkjasamskipti og alþjóðaviðskipti verið sett í uppnám með nýjum og óútreiknanlegum áherslum stjórnvalda í Bandaríkjunum. Erfitt er að sjá fyrir endann á þeirri atburðarás, en ljóst er að tollamúrar og átakasækni hafa

„Við sem sitjum í stjórn LSR höfum heyrt skýrt ákall frá sjóðfélögum um að sjóðurinn eigi ekki að sitja hjá við ákvarðanatöku í þeim fyrirtækjum sem sjóðurinn á hlut í.“

neikvæð áhrif á markaði og ef ekki rættist úr er hætt við að þetta verði erfitt ár fyrir fjárfesta. Í óvissuástandi sem þessu er ljóst að við þurfum að stíga varlega til jarðar og horfa til góðrar áhættudreifingar.

Við megum þó ekki gleyma því að líta enn lengra fram í tímann. Samhliða þessari neikvæðu þróun á alþjóðavettvangi virðist því miður hafa orðið ákveðið bakslag í umræðu um sjálfbærni, sem gengur gegn eðlilegri skynsemi og öllum meginstraumi vísindalegrar þekkingar. Þetta er varhugaverð þróun. Það er ljóst að á síðustu áratugum höfum við gengið of hratt á auðlindir heimsins með alvarlegum afleiðingum fyrir umhverfið. Ef við náum ekki að snúa þessari þróun við verður sífellt ólíklegra að komandi kynslóðir geti notið svipaðra lífsgæða og við höfum borið gæfu til. Við verðum að gera okkur grein fyrir að ef mikilvægar auðlindir verða uppnarnar eða stór landsvæði óbyggileg mun tímabundinn ágóði af ósjálfbærri starfsemi í fortíðinni verða lítil huggun fyrir afkomendur okkar.

„Fyrirtæki sem sóa auðlindum sínum, hvort sem þær eru náttúrlegar eða í formi mannauðs eru ekki góð fjárfesting til langs tíma.“

Það er fjárhagslega skynsamlegt að fjárfesta í sjálfbærum rekstri. Augljóst er að fyrirtæki sem sóa auðlindum sínum, hvort sem þær eru náttúrlegar eða í formi mannauðs eru ekki góð fjárfesting til langs tíma. Fyrirtæki sem hugsa lengra fram í tímann og vilja raunverulega hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt samhliða góðum rekstri eru líklegri til að dafna og skila eigendum sínum arði til langs tíma. Ég er stoltur af þeirri auknu áherslu sem LSR hefur lagt á sjálfbærni síðustu misserin og munum við halda ótrauð áfram á þeirri braut.

Fallist á rök lífeyrissjóðanna

Undir lok síðasta árs kvað Hæstiréttur upp dóm um að aðgerðir Lífeyrissjóðs verslunarmanna vegna hækkandi lífaldurs og breyttra aðferða við útreikning á lífaldri hefðu verið lögmætar. Þar með var stórum óvissuþætti eytt úr starfsemi LSR, því sjóðurinn fór svipaða leið í sínum aðgerðum. Aðferðafræði LSR og þeirra lífeyrissjóða sem fóru þessa leið miðaðist við að tryggja hverri kynslóð sanngjörn eftirlaunaréttindi og koma í veg fyrir tilflutning fjármuna milli kynslóða. Við úrskurð sinn féllst Hæstiréttur á þessi rök, sem leiddi til sanngjörnnustu niðurstöðunnar í þessu máli að mati okkar í stjórn LSR.

Það þarf öflugan hóp til að stýra eignasafni sem er yfir 1.500 milljarðar, greiða lífeyri sem í hverjum mánuði nemur um 8,5 milljörðum króna til tugþúsunda sjóðfélaga og standa undir öllum öðrum þeim kröfum sem gerðar eru til stærsta lífeyrissjóðs landsins. Ég vil nýta tækifærið nú og þakka starfsfólki sjóðsins fyrir störf sín á árinu. LSR býr við mikla gæfu í mannauði starfsfólks sjóðsins. Störf þeirra eru ekki mjög sýnileg launafólki og lífeyrisþegum en fyrir mig, sem hef nú um þriggja ára skeið kynnst þeim metnaði sem ríkir í vinnubrögðum starfsfólks LSR, hefur það verið mikil og jákvæð reynsla. Það er risaverkefni að standa vörð um stærsta lífeyrissjóð landsins og ég get fullvissað okkur sem treystum á verklag og vinnuframlag þeirra sem daglega vinna að því að byggja sjóðinn áfram upp sem þann stærsta að við erum með hágæðafólk í hverri stöðu og verkferlar sjóðsins til hreinnar fyrirmyndar.

Í lok þessa ávarps vil ég þakka sjóðfélögum, launagreiðendum og öðrum samstarfsaðilum sjóðsins fyrir farsæla samfylgd á árinu.

Áfram LSR, upp og hærra!

Magnús Þór Jónsson

formaður stjórnar LSR

Stjórn LSR

Stjórn LSR er skipuð 8 stjórnarmönnum. Fjármála- og efnahagsráðherra skipar fjóra, stjórn BSRB skipar tvo, stjórn BHM skipar einn og stjórn Kennarasambands Íslands skipar einn stjórnarmann. Alls kom stjórnin 23 sinnum saman til formlegra fundarhalda á liðnu ári.

Á árinu 2024 var Guðrún Ögmundsdóttir formaður stjórnar og Magnús Þór Jónsson varaformaður. Í ársbyrjun 2025 var Magnús hins vegar kjörinn formaður stjórnar og tók Jökull Heiðdal Úlfsson við embætti varaformanns.

Stjórn sjóðsins er kjörin til þriggja ára í senn. Núverandi stjórn var kjörin í ársbyrjun 2024 og mun hún starfa til ársloka 2026. Stjórn LSR ber ábyrgð á að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við gildandi lög og reglur. Eitt af verkefnum stjórnar er að móta innra eftirlit lífeyrissjóðsins og skjalfesta eftirlitsferla.

Endurskoðun ársreikninga LSR er í höndum Grant Thornton endurskoðunar en KPMG sér um innri endurskoðun sjóðsins.



Fremri röð frá vinstri: [Magnús Þór Jónsson](#), formaður stjórnar, [Guðrún Ögmundsdóttir](#), [Unnur Berglind Friðriksdóttir](#).
Aftari röð frá vinstri: [Árni Stefán Jónsson](#), [Ólafur Hvanndal Ólafsson](#), [Jökull Heiðdal Úlfsson](#), varaformaður stjórnar, [Sonja Ýr Þorbergsdóttir](#), [Ragnhildur Jónsdóttir](#).

Magnús Þór Jónsson

Formaður stjórnar
Skipaður af stjórn KÍ

Jökull Heiðdal Úlfsson

Varaformaður stjórnar
Skipaður af fjármála- og
efnahagsráðherra

Árni Stefán Jónsson

Skipaður af stjórn BSRB

Guðrún Ögmundsdóttir

Skipuð af fjármála- og
efnahagsráðherra

Ólafur Hvanndal Ólafsson

Skipuð af fjármála- og
efnahagsráðherra

Ragnhildur Jónsdóttir

Skipuð af fjármála- og
efnahagsráðherra

Ársskýrsla LSR 2024

Lykilstærðir LSR

Hrein eign til greiðslu lífeyris

1.566,7

m.kr. 2024

1.405,2

m.kr. 2023

Nafnávöxtun

12,4%

2024

9,2%

2023

Hrein raunávöxtun


7,1%

2024

1,0%

2023

Hrein eign til greiðslu lífeyris



Hrein raunávöxtun



Lífeyrisgreiðslur

103.219

m.kr. 2024

93.586

m.kr. 2023

Iðgjöld

51.724

m.kr. 2024

49.157

m.kr. 2023

Meðalfjöldi
virkra
sjóðfélaga

31.997

2024

31.403

2023

Meðalfjöldi
lífeyrisþega


25.901

2024


24.632

2023

Lífeyrisgreiðslur



Verðbréfaeign



Veitt lán

14.787
m.kr. 2024

16.084
m.kr. 2023

Fjöldi veittra lána

733
2024

790
2023

Rekstrarkostnaður í hlutfalli af meðalstöðu eigna

0,14%
2024

0,13%
2023

A-deild LSR

A-deild var stofnuð í ársbyrjun 1997 og tekur á móti nýjum sjóðfélögum að uppfylltum aðildarskilyrðum.


Hrein eign til greiðslu lífeyris

ásamt spá um þróun eigna



Breyting á hreinni eign á árinu 2024

A-deild




B-deild LSR

B-deild er eldra réttindakerfi sjóðsins. B-deildinni var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum á sama tíma og A-deildin tók til starfa.


Hrein eign til greiðslu lífeyris

ásamt spá um þróun eigna



Breyting á hreinni eign á árinu 2024

B-deild



Ársreikningar 2024

[Ársreikningur A-deildar](#)

[Ársreikningur B-deildar](#)

[Ársreikningur Séreignar](#)



Ársskýrsla LSR 2024

Ávöxtun og hrein eign

Ávöxtun LSR

Nafnávöxtun LSR á árinu 2024 var 12,4% sem samsvarar 7,3% raunávöxtun. Hrein raunávöxtun, þ.e. þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjárfestingartekjum, var 7,1% samanborið við 1,0% árið 2023. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar LSR síðustu fimm árin er 2,8% og meðaltal síðustu tíu ára er 4,2%. Ávöxtun einstakra deilda LSR má sjá í töflunum hér fyrir neðan. Ávöxtun er reiknuð samkvæmt reglum um ársreikninga lífeyrissjóða.


Ávöxtun ársins

Ávöxtun ársins	A-deild	B-deild	LSR
Nafnávöxtun	12,2%	13,8%	12,4%
Hrein raunávöxtun	6,9%	8,3%	7,1%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára	3,0%	2,5%	2,8%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 10 ára	4,4%	4,0%	4,2%


Ávöxtun ársins - séreign

Ávöxtun ársins	Séreign Leið I	Séreign Leið II	Séreign Leið III	Tilgreind séreign
Nafnávöxtun	13,8%	11,9%	7,0%	11,3%
Hrein raunávöxtun	8,5%	6,7%	2,1%	6,1%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára	2,6%	0,7%	0,7%	-
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 10 ára	4,1%	2,7%	1,3%	-

Hrein raunávöxtun




Fimm ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar




Hrein eign LSR til greiðslu lífeyris var 1.566,7 ma.kr. í árslok 2024 sem er um 161,5 ma.kr. hækkun á milli ára, eða 11,5%. Markaðir voru nokkuð sveiflukenndir á árinu, en á endanum var ávöxtun góð af bæði innlendum og erlendum hlutabréfum og skuldabréf skiluðu ágætri ávöxtun.

Hreinar fjárfestingartekjur sjóðsins voru 173,1 ma.kr. fyrir árið 2024, sem er talsvert meira en árið áður þegar fjárfestingartekjurnar voru 118,8 ma.kr. Töluverðar sveiflur hafa verið á verðbréfamörkuðum undanfarin 10 ár, en eins og sjá má á grafinu hér fyrir neðan hafa fjárfestingartekjur sjóðsins verið yfir 100 ma.kr. fimm af síðustu sex árum. Þar sker árið 2022 sig talsvert úr, enda er það eina árið síðasta áratuginn sem skilaði neikvæðum fjárfestingartekjum.

Hreinar fjárfestingartekjur




Hrein eign til greiðslu lífeyris



Frá upphafi árs 2015 til ársloka 2024 hefur samanlögð hrein eign til greiðslu lífeyris aukist um 1.031,3 ma.kr., úr 535,5 ma.kr. í 1.566,7 ma.kr. Af aukningu eigna á tímabilinu voru fjárfestingartekjur 84,9% eða 875,2 ma.kr. Innborganir ríkissjóðs inn á skuldbindingar og uppgjör skuldbindinga ásamt greiðslu lífeyrisauka námu 216,8 ma.kr. á tímabilinu. Á móti hafa greiðslur lífeyris og kostnaður verið 87,4 ma.kr. umfram iðgjaldagreiðslur og greiðslur vegna lífeyrishækkana í B-deild.

Inn- og útflæði einstakra deilda sjóðsins hefur verið afar ólíkt undanfarin tíu ár og þar af leiðandi hefur þróun eigna verið það einnig. Eignir A-deildar hafa til dæmis aukist um 1.006,4 ma.kr. á tímabilinu á meðan aukning á eignum B-deildar nemur 5,8 ma.kr. Eignir Séreignar hafa aukist um 19,0 ma.kr. eða 153,7% á síðustu tíu árum.

Greining á hækkun eigna LSR 2015-2024




Samtals hækkun eigna LSR sl. 10 ár (ma.kr.)

A-deild: 1.006,4
B-deild: 5,9
Séreign: 19,0
Samtals: 1.031,3




84,9%
af hækkuninni kemur til
vegna fjárfestingartekna


A-deild



B-deild



Séreign



Ársskýrsla LSR 2024

Eignir og markaðir

Eignasafn

Eignasafn LSR
2024

1.557
ma.kr.

A-deild

1.291
ma.kr.

B-deild

235
ma.kr.

Séreign

31
ma.kr.

Skuldabréf

621
ma.kr.

Hlutabréf


880
ma.kr.

Innlán

56
ma.kr.

Í árslok 2024 stóð samanlagt eignasafn LSR í 1.557 mö.kr. sem er aukning um 152,6 ma.kr. frá fyrra ári. Eignasafn sjóðsins hefur vaxið jafnt og þétt á undanförunum árum og þar af hefur vöxturinn síðustu fimm ár verið um 540 ma.kr. Skiptingu eignasafnsins í árslok 2024 má sjá hér fyrir neðan.

Skipting eignasafns 2024



Samtals

Samtals	A-deild	B-deild	Séreign
Eignaflokkar	Eignir (m.kr.)	Hlutfall	
Skuldabréf - ríki og sveitarfélög	273.760	17,6%	
Ríkisbréf	232.996	15,0%	
Sveitarfélagabréf	40.765	2,6%	
Fasteignaveðtryggð verðbréf	193.821	12,5%	
Sjóðfélagalán	127.484	8,2%	
Veðskuldabréf og -sjóðir	30.604	2,0%	
Sértryggð bréf	35.732	2,3%	
Erlend skuldabréf	38.805	2,5%	
Erlend skuldabréf	38.805	2,5%	
Skuldabréf - önnur	114.411	7,3%	
Fyrirtækjabréf	93.002	6,0%	
Lánastofnanabréf	15.081	1,0%	
Skuldabréfasjóðir	6.328	0,4%	
Laust fé	55.811	3,6%	
Innlán	54.055	3,5%	
Lausafjársjóðir	1.757	0,1%	
Innlend hlutabréf	236.640	15,2%	
Innlend hlutabréf	217.826	14,0%	
Innlendir sérhæfðir sjóðir	18.814	1,2%	
Erlend hlutabréf	643.388	41,3%	
Erlend hlutabréf	519.595	33,4%	
Erlendir sérhæfðir sjóðir	123.794	8,0%	
Eignasafn alls	1.556.637	100%	

A - deild

Samtals	A-deild	B-deild	Séreign
Eignaflokkar	Eignir (m.kr)	Hlutfall	
Skuldabréf - ríki og sveitarfélög	219.140	17,0%	
Ríkisbréf	183.189	14,2%	
Sveitarfélagabréf	35.951	2,8%	
Fasteignaveðtryggð verðbréf	170.572	13,2%	
Sjóðfélagalán	107.969	8,4%	
Veðskuldabréf og -sjóðir	29.026	2,2%	
Sértryggð bréf	33.578	2,6%	
Erlend skuldabréf	37.585	2,9%	
Erlend skuldabréf	37.585	2,9%	
Skuldabréf - önnur	96.469	7,5%	
Fyrirtækjabréf	81.805	6,3%	
Lánastofnanabréf	13.580	1,1%	
Skuldabréfasjóðir	1.084	0,1%	
Laust fé	21.086	1,6%	
Innlán	19.329	1,5%	
Lausafjár sjóðir	1.757	0,1%	
Innlend hlutabréf	197.402	15,3%	
Innlend hlutabréf	179.443	13,9%	
Innlendir framtakssjóðir	17.958	1,4%	
Erlend hlutabréf	548.651	42,5%	
Erlend hlutabréf	426.112	33,0%	
Erlendir framtakssjóðir	122.539	9,5%	
Eignasafn alls	1.290.906	100%	

B - deild

Samtals	A-deild	B-deild	Séreign
Eignaflokkar	Eignir (m.kr)		Hlutfall
Skuldabréf - ríki og sveitarfélög	53.581		22,8%
Ríkisbréf	49.021		20,9%
Sveitarfélagabréf	4.560		1,9%
Fasteignaveðtryggð verðbréf	22.922		9,8%
Sjóðfélagalán	19.516		8,3%
Veðskuldabréf og -sjóðir	1.578		0,7%
Sértryggð bréf	1.828		0,8%
Erlend skuldabréf	1.210		0,5%
Erlend skuldabréf	1.210		0,5%
Skuldabréf - önnur	12.714		5,4%
Fyrirtækjabréf	11.197		4,8%
Lánastofnanabréf	1.500		0,6%
Skuldabréfasjóðir	16		0,0%
Laust fé	19.529		8,3%
Innlán	19.529		8,3%
Lausafjársgjóðir	0		0,0%
Innlend hlutabréf	37.064		15,8%
Innlend hlutabréf	36.208		15,4%
Innlendir framtakssjóðir	856		0,4%
Erlend hlutabréf	87.538		37,3%
Erlend hlutabréf	86.284		36,8%
Erlendir framtakssjóðir	1.254		0,5%
Eignasafn alls	234.558		100%

Séreign

Samtals	A-deild	B-deild	Séreign
Eignaflokkar	Eignir (m.kr)	Hlutfall	
Skuldabréf - ríki og sveitarfélög	1.039	3,3%	
Ríkisbréf	785	2,5%	
Sveitarfélagabréf	253	0,8%	
Fasteignaveðtryggð verðbréf	326	1,0%	
Sjóðfélagalán	0	0,0%	
Veðskuldabréf og -sjóðir	0	0,0%	
Sértryggð bréf	326	1,0%	
Erlend skuldabréf	10	0,0%	
Erlend skuldabréf	10	0,0%	
Skuldabréf - önnur	5.228	16,8%	
Fyrirtækjabréf	0	0,0%	
Lánastofnanabréf	0	0,0%	
Skuldabréfasjóðir	5.228	16,8%	
Laust fé	15.196	48,7%	
Innlán	15.196	48,7%	
Lausafjársjóðir	0	0,0%	
Innlend hlutabréf	2.175	7,0%	
Innlend hlutabréf	2.175	7,0%	
Innlendir framtakssjóðir	0	0,0%	
Erlend hlutabréf	7.199	23,1%	
Erlend hlutabréf	7.199	23,1%	
Erlendir framtakssjóðir	0	0,0%	
Eignasafn alls	31.173	100%	

Eignir og markaðir

Hlutfall hlutabréfa og skuldabréfa í eignasafni LSR endurspeglar þann áhættuvilja sem sjóðurinn hefur markað sér. Erlendar fjárfestingar hafa farið vaxandi á undanförunum árum og styðja við eigna- og áhættudreifingu í eignasafni sjóðsins, enda safnið stórt í samanburði við íslenska hagkerfið.

Við stýringu eigna er leitast við að hafa dreifingu í eignasafninu sem mesta, með hagkvæmasta samvali verðbréfa og með hliðsjón af landsvæðum, atvinnugreinum, útgefendum og gjaldmiðlum. Jafnframt er tekið tillit til UFS-þátta, þ.e. umhverfislegra þátta, félagslegra þátta og stjórnarháttanna við mat á fjárhagslegri áhættu fjárfestingarkosta í samræmi við fjárfestingarstefnu, eigendastefnu og sjálfbærnistefnu sjóðsins.

Hlutfall eigna í erlendri mynt

LSR í heild

46,9%

A-deild

48,6%

B-deild

40,5%

Séreign

23,1%

Hlutfall verðtryggðra eigna

LSR í heild

31,7%

A-deild

31,3%

B-deild

36,4%

Séreign

55,9%



Fjárfestingar ársins

Fjárfestingar LSR

30,8

ma.kr.

A-deild

57,8

ma.kr.

B-deild

-27,1

ma.kr.

Séreign

0,3

ma.kr.

Á árinu 2024 keypti LSR verðbréf og veitti lán fyrir tæplega 31 ma.kr. að teknu tilliti til seldra bréfa og uppgreiddra lána. Fjárfestingarstefna einstakra deilda sjóðsins tekur mið af eðli og umfangi fjárstreymis þeirra. A-deild sjóðsins er tiltölulega ung og nýtur þess að iðgjaldagreiðslur eru umtalsvert hærri en lífeyrisgreiðslur, sem leiðir til jákvæðs greiðsluflæðis. B-deild, sem er eldri og lokuð fyrir nýjum sjóðfélögum, býr við neikvætt greiðsluflæði. Af þeim sökum er nauðsynlegt að selja eignir úr eignasafni B-deildar til að mæta reglubundnum lífeyrisgreiðslum.

Skuldabréf

LSR í heild

29,6

ma.kr.

A-deild

31

ma.kr.

B-deild

-1,7

ma.kr.

Séreign

0,3

ma.kr.

Kaup á innlendum skuldabréfum á árinu námu 23,6 mö.kr. að teknu tilliti til sölu og uppgreiðslna. Útlán til sjóðfélaga námu 7,4 mö.kr. að frádregnum uppgreiddum lánum. Fjárfesting í erlendum skuldabréfasjóðum nam 6,1 ma.kr. á árinu.

Hlutabréf



Fjárfestingar í innlendum hlutabréfum og sérhæfðum sjóðum námu 7,6 ma.kr. og þar af voru 6 ma.kr. í skráðum og óskráðum félögum. A-deild fjárfesti fyrir 22 ma.kr. í erlendum hlutabréfasjóðum og innköllunum í sérhæfða sjóði, á meðan B-deild dró úr eignarhlut sínum.

Nettófjárfestingar

(m.kr.)

Eignaflokkar	A-deild	B-deild	Séreign	Samtals
Skuldabréf - ríki og sveitarfélög	3.598	0	131	3.729
Ríkisbréf	369	0	115	484
Sveitarfélagabréf	3.229	0	16	3.245
Fasteignaveðtryggð verðbréf	12.509	-1.270	11	11.250
Sjóðfélagalán	8.128	-763	0	7.365
Veðskuldabréf og -sjóðir	2.681	0	0	2.681
Sértryggð bréf	1.700	-506	11	1.205
Erlend skuldabréf	6.539	-495	10	6.053
Erlend skuldabréf	6.539	-495	10	6.053
Skuldabréf - önnur	8.322	90	192	8.604
Fyrirtækjabréf	5.834	98	0	5.932
Lánastofnanabréf	2.513	0	0	2.513
Skuldabréfasjóðir	-25	-8	192	160
Laust fé	-6.004	0	0	-6.204
Innlán	0	0	-200	-200
Lausafjár sjóðir	-6.004	0	0	-6.004
Innlend hlutabréf	10.837	-3.913	705	7.630
Innlend hlutabréf	8.865	-3.595	705	5.976
Innlendir sérhæfðir sjóðir	1.972	-318	0	1.654
Erlend hlutabréf	21.996	-21.482	-798	-284
Erlend hlutabréf	13.343	-21.168	-798	-8.623
Erlendir sérhæfðir sjóðir	8.653	-314	0	8.339
Fjárfestingar alls	57.796	-27.070	253	30.778

(m.kr)



Innlend skuldabréf

Innlent skuldabréfasafn
2024

582
ma.kr.

Nafnávöxtun


8,5%

Raunávöxtun

3,5%

Innlent skuldabréfasafn LSR er vel dreift á ólíka skuldabréfaflokka, bæði verðtryggð og óverðtryggð skuldabréf, en stærstu flokkarnir eru skuldabréf með ríkisábyrgð, útlán til sjóðfélaga og fyrirtækjaskuldabréf.


Skuldabréfasafn í árslok



Árið 2024 einkenndist af miklum sveiflum á skuldabréfamarkaði meðal annars vegna meiri verðbólgu en búist var við. Þrátt fyrir sveiflurnar endaði markaðurinn á svipaðri ávöxtunarkröfu og í upphafi ársins. Þar af leiðandi skilaði skuldabréfasafnið ásættanlegri ávöxtun í gegnum vaxtagreiðslur og verðbætur.


Útflutningsgreinarnar lentu í lítilsháttar mótvindi sem m.a. má rekja til loðnubrests og breytts neyslumynsturs erlendra ferðamanna, sem dvöldu skemur en áður og drógu úr neyslu þó fjöldinn hafi verið innan væntinga spáaðila. Þrátt fyrir þessa áskorun endurspegladist styrkur íslenska hagkerfisins í því hversu stöðugt raungengi krónunnar hélst, enda voru horfur til meðallangs- og langs tíma ekki breyttar. Álverð hélst stöðugt yfir langtímameðaltali yfir árið og væntingar standa til þess að laxeldi og nýsköpunar- og lyfjaiðnaður muni styðja enn frekar við útflutning á komandi misserum.

Þróun ávöxtunarkröfu óverðtryggðra ríkisskuldabréfa (RIKB) á árinu



Kaupmáttur og sparnaður heimila hefur vaxið mikið síðustu ár samhliða litlu atvinnuleysi á sama tíma og ríkisútgjalda- og raunvaxtaaðhald hefur ekki dregið nægjanlega úr eftirspurn. Slíkt samspil eykur verðbólgu sem verður óviðráðanlegri án aðgerða. Þá leiddu uppkaupt ríkisins á eignum í Grindavík til óvænts eftirspurnarþrýstings á fasteignamarkaði. Seðlabankinn lækkaði stýrivexti hægar en verðbólga gekk niður og jók raunvaxtaaðhald til að bregðast við þrautseigum verðbólguþrýstingi. Þar af leiðandi hafa raunvaxtavæntingar haldist hærri en búist var við og olli það töluverðum sveiflum á verðbréfamörkuðum á árinu.

Þróun ávöxtunarkröfu verðtryggðra ríkisskuldabréfa (RIKS) á árinu



Verðbólgan lækkaði úr 6,7% í 4,8% á árinu en meginvextir Seðlabankans lækkuðu úr 9,25% í 8,5%. Ávöxtunarkrafa stysta verðtryggða ríkisbréfaflokksins hækkaði um rúmt 1 prósentustig á meðan önnur ríkisskuldabréf breyttust smávægilega. Verðtryggð útlánakjör bankastofnana hækkuðu skarpt en búast má við að raunvextir hafi náð hámarki. Líklegt er að þeir haldist hlutfallslega háir næstu misserin þrátt fyrir að meginvextir Seðlabankans muni lækka samhliða lægri verðbólgu. Sú staða mun áfram draga úr kaupmætti og þrótti hagkerfisins.

Hagvöxtur lækkaði frá árinu 2023 úr 4,1% í 2,1% á árinu 2024 en atvinnuleysi jókst einungis lítillega og er nú 3,8%. Vísitala verðtryggðra viðmiðunarskuldabréfa (NOMXIREAL) hækkaði um 7,1% árinu og vísitala óverðtryggðra viðmiðunarskuldabréfa (NOMXINOM) hækkaði um 7,4%.

Tíu stærstu útgefendur í safni innlendra skuldabréfa í árslok

Útgefendur	m.kr.	Hlutfall
Íbúðalánasjóður	93.491	16,1%
Ríkissjóður Íslands	78.128	13,4%
Lánasjóður íslenskra námsmanna	55.923	9,6%
Íslandsbanki hf.	21.478	3,7%
Reitir fasteignafélag hf.	17.514	3,0%
Landsbankinn hf.	17.152	2,9%
Heimar hf.	15.935	2,7%
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.	14.769	2,5%
Reykjavíkurborg	13.706	2,4%
Eik fasteignafélag hf.	10.647	1,8%



Innlend hlutabréf

Innlent hlutabréfasafn 2024	Nafnávöxtun	Raunávöxtun	Fjöldi félaga og sérhæfðra sjóða
236,6 ma.kr.	18,8%	13,3%	66

Innlendu hlutabréfasafni LSR er vel dreift á flestar atvinnugreinar landsins. Innlend hlutabréf í eignasafni LSR námu 236,6 mö.kr. í lok árs 2024. Þau skiptast þannig að skráð bréf voru 190,6 ma.kr. og óskráð bréf og sérhæfðir sjóðir voru 46 ma.kr.

Innlend skráð hlutabréf

Safn skráðra innlendra hlutabréfa, sem nam 190,6 mö.kr. í árslok, hækkaði að nafnvirði um 21,3%. Til samanburðar hækkaði heildarvísitalan OMXIGI um 14,7% og OMXI15 vísitalan, sem endurspeglar 15 veltumestu félögin í kauphöllinni, hækkaði um 18,8%. Þau félög sem skiluðu hæstu ávöxtun á árinu í safni sjóðsins voru Kaldalón hf., Alvotech S.A. og Amaroq Ltd.


Innlendur hlutabréfamarkaður hefur gengið í gegnum miklar sveiflur á tímum verðbólgu og hækkandi stýrivaxta. Árið 2024 hófst á jákvæðum nótum á fyrsta fjórðungi áður en harðna tók á dalnum. Væntingar markaðsaðila um aukið framboð á markaði vegna sölu á Íslandsbanka og meira raunvaxtaaðhald Seðlabankans en búist var við juku á svartsýni hjá fjárfestum þegar líða tók á árið.

Stærstu útgefendur í safni innlendra hlutabréfa

Útgefendur	m.kr.	Hlutfall
Brim hf.	24.500	11,2%
Arion banki hf.	22.223	10,2%
JBT Marel Corporation	19.171	8,8%
Íslandsbanki hf.	18.860	8,7%
Hagar hf.	15.650	7,2%
Festi hf.	11.389	5,2%
Kvika banki hf.	9.333	4,3%
Alvotech S.A.	8.533	3,9%
Reitir fasteignafélag hf.	8.026	3,7%
Embla Medical hf.	7.863	3,6%

Þróun OMXIGI og OMX15GI á árinu

- hlutabréfavisitölur



OMX15GI er úrvagsvísitala Kauphallarinnar, en OMXIGI er vísitala aðallista.

Þrátt fyrir miklar sveiflur, óvissu og neikvæða ávöxtun framan af ári reyndist grunnrekstur innlendra rekstrarfélaga vera sterkur, enda skilaði hagkerfið góðum hagvexti á árinu 2024 eða um 2,1%. Undirliggjandi verðlagning markaðarins var hagstæð að mati eignastýringar LSR á sumarmánuðum og því ánægjulegt að sjá skarpan viðsnúning á seinni hluta ársins, annað árið í röð.

Frestun á sölu Íslandsbanka og auknar væntingar um að samruni Marel og JBT gengi í gegn, sem myndi skila innlendum fjárfestum tugum milljarða í lausafé, studdi við markaðinn. Að auki byrjuðu fjárfestar að auka áhættu líkt og gerist almennt í aðdraganda og framkvæmd vaxtalækkunarferlis. Hækkarnir voru hvoru tveggja drifnar áfram af nýjum vaxtarfélögum og rótgrónum rekstrarfélögum og má bæði rekja þær til sterkrar afkomu og undirverðlagningar á markaði.

Innlendar sérhæfðar fjárfestingar og önnur óskráð bréf

Sérhæfðir sjóðir

18,8

ma.kr.

Óskráð bréf

27,2

ma.kr.

Eignarhlutir í hlutafélögum, öðrum en skráðum hlutafélögum, námu 46 mö.kr. í lok árs. Undir sérhæfða sjóði í safni LSR falla aðallega framtakssjóðir og nýsköpunarsjóðir. Fjárfestingarnar eru oft á áskriftarformi þar sem kölluð eru inn áskriftarloforð á fjárfestingartíma sjóðanna.

Framtakssjóðir fjárfesta í óskráðum félögum á mismunandi fjárfestingarstigum með það meginmarkmið að auka virðissköpun og vöxt þeirra félaga sem fjárfest er í. Nýsköpunarsjóðir fjárfesta í félögum á fyrstu árum starfsemi þeirra. Slíkir sjóðir falla undir við eitt af þeim Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem LSR hefur tileinkað sér í sjálfbærnistefnu sinni, nánar tiltekið markmið númer 9 sem gengur út á að hlúa að nýsköpun og stuðla að sjálfbærri iðnvæðingu.



Erlend hlutabréf

Erlent
hlutabréfasafn
2024

643,4
ma.kr.

Nafnávöxtun

14,9%

Raunávöxtun

9,6%

Fjöldi
verðbréfa- og
sérhæfðra
sjóða

80

Erlend skráð hlutabréf

Erlent skráð hlutabréfasafn LSR, sem var 519,6 ma.kr. í árslok, skilaði 16,6% nafnávöxtun á árinu í krónum talið. LSR er í samstarfi við eignastýringaraðila um ávöxtun fjármuna sjóðsins á erlendum verðbréfamörkuðum. Við val á þeim er horft til margra þátta, m.a. fjárfestingarstefnu og aðferðafræði, áhættudreifingar, reynslu, árangurs, kostnaðar og sjálfbærniþmiða stýringaraðilanna. LSR fjárfestir bæði í vísitölusjóðum og sjóðum sem beita virkri stýringu við val á eignum og leggur áherslu á góða dreifingu í verðbréfasafni sjóðsins.

Ávöxtun sjóðsins var ágæt samanborið við alþjóðamarkaði. Alheimsvísitala hlutabréfa hækkaði um 19,2% en hún tekur tillit til hlutabréfa í nýmarkaðsríkjum og endurspeglar því vel erlent hlutabréfasafn LSR.

Þróun hlutabréfavísitalna á heimsvísu með arði (USD)

Skalað gengi



Ávöxtun hlutabréfa var góð á árinu þar sem stóru tæknifyrirtækin í Bandaríkjunum héldu áfram að knýja ávöxtun hlutabréfamarkaða, byggt á væntingum um þróun og nýsköpun í gervigreind. Ávöxtun á heimsmarkaði hefur verið misskipt undanfarnin misseri þar sem bandarískir hlutabréfamarkaðir eru hærra verðlagðir en aðrir stórir hlutabréfamarkaðir og það hallar á verðlagningu minni félaga í samanburði við stærri.

Birtingarmynd þeirrar þróunar var að bandaríska hlutabréfavísitalan S&P500 hækkaði um 25,1% en sama vísitala þar sem öll félög eru jafnvigtuð hækkaði aðeins um 12,6%. Á sama tíma hækkaði Evrópuvísitala aðeins um 3,8% og nýmarkaðsvísitala um 9,1% í krónum talið. Samþjöppun í heimsvísitölu hlutabréfa, sem þegar var orðin mikil, hélt áfram að aukast á árinu meðan stærstu félögin héldu áfram að vaxa umfram markaðinn. Við uppbyggingu erlends hlutabréfasafns LSR er tekið tillit til áhættudreifingar og skýrist frávik í ávöxtun safnsins frá heimsvísitölu að langmestu leyti af því hversu fá fyrirtæki drifu áfram ávöxtun heimsvísitölnunnar á árinu.

Þróun gengisvísitölu krónunnar á árinu



Verðbólga erlendis hélt áfram að minnka á árinu en reyndist þrálát og gekk hægt að koma henni niður í markmið helstu seðlabanka heims. Af verðlagningu áhættusamra eigna að dæma virtust fjárfestar bjartsýnir á að verðbólgan myndi sigla niður í markmið og að langtímaþættir myndu lækka samhliða því. Greiningaraðilar voru hins vegar flestir á því að mesta óvissan væri um þá forsendu og gæti verðlagning á markaði verið viðkvæm fyrir breytingu í jákvæðum væntingum fjárfesta um verðbólgu og vaxtastig.

Fyrstu níu mánuði ársins var nafnávöxtun erlendra hlutabréfa há og náðist þar fram ávöxtun ársins en á síðasta ársfjórðungi ársins lækkuðu markaðir lítillega. Miklar vendingar urðu í alþjóðlegum stjórnmálum á síðari hluta ársins þar sem Donald Trump sigraði forsetakosningar í BNA í byrjun nóvember og boðaði margvíslegar breytingar sem geta haft víðtæk áhrif á heimsmarkaði. Verðsveiflur á síðasta fjórðungi ársins má m.a. rekja til óvissu fjárfesta vegna þessara vendinga.

Stærstu rekstraraðilar í safni erlendra skráðra hlutabréfa í árslok

Rekstraraðilar	m.kr.	Hlutfall
Vanguard Group	75.429	14,5%
State Street Global Markets	64.656	12,4%
Morgan Stanley	63.526	12,2%
Storebrand Asset Management AS	62.620	12,1%
Wellington Management Company	50.916	9,8%
T.Rowe Price	42.759	8,2%
MFS Investment Funds	39.172	7,5%
JP Morgan Asset Management	25.994	5,0%
Seilern Investment Management	19.805	3,8%
GuardCap Asset Management	19.330	3,7%

Erlendir sérhæfðir sjóðir

Erlendir sérhæfðir sjóðir eru sjóðir á áskriftarformi sem kalla inn fjármuni á fjárfestingatíma sjóðanna. Sjóðirnir fjárfesta á heimsvísu og undir erlenda sérhæfða sjóði í safni LSR falla aðallega framtakssjóðir og innviðasjóðir. Erlendir sérhæfðir sjóðir í safni LSR fjárfesta í óskráðum félögum á mismunandi fjárfestingastigum, þó aðallega meðalstórum og stórum félögum, í því augnamiði að auka við vöxt og virðissköpun félaga á heimsvísu.

Safn erlendra sérhæfðra fjárfestinga hjá LSR nam 123,8 mö.kr. í árslok. Safnið hefur farið stækkandi á undanförnum árum í A-deild. Aðstæður á mörkuðum óskráðra fjárfestinga hafa verið krefjandi þar sem seljanleiki undirliggjandi eigna sjóða hefur verið lítill og endurgreiðslur söluandvirðis til fjárfesta því lægra en annars hefði mátt vænta og ávöxtun lægri. Undir lok árs stóðu væntingar fjárfesta til þess að fleiri nýskráningar yrðu á mörkuðum sem myndi losa stífluna en þær væntingar hafa síðar dempast á ný. Virðismat framtakssjóða almennt endurspeglaði hins vegar betra umhverfi minni félaga á árinu, lækkandi fjármagnskostnað og væntingar um jákvæðan hagvöxt og áframhaldandi virðisaukningu.

Stærstu rekstraraðilar í safni erlendra sérhæfðra sjóða í árslok

Rekstraraðilar	m.kr.	Hlutföll
Morgan Stanley Investment Management	22.855	18,5%
KKR & Co. Inc.	13.707	11,1%
EQT Fund Managers	10.960	8,9%
New Mountain Capital, L.L.C.	10.057	8,1%
Partners Group AG	9.947	8,0%
Warburg Pincus LLC	9.797	7,9%
Blackstone Capital Partners L.P.	8.526	6,9%
AlpInvest Partners	7.657	6,2%
Carlyle Investment Management L.L.C	5.918	4,8%
LGT Capital Partners	5.460	4,4%

Erlend skuldabréf




Erlent skuldabréfasafn LSR samanstendur af skráðum og óskráðum skuldabréfasjóðum sem fjárfesta í skuldabréfum og lánasjóðum þar sem megináhersla er á lán til fyrirtækja í Evrópu og Bandaríkjunum.

Aðstæður á erlendum skuldabréfamörkuðum reyndust krefjandi á árinu þar sem nokkrar sveiflur urðu í ávöxtunarkröfu á markaði. Heimsvísitala skuldabréfa lækkaði lítillega í krónum talið og endurspeglaði það t.a.m. sveiflur í ávöxtunarkröfu ríkisbréfa í Bandaríkjunum. Ávöxtun sjóða sem fjárfesta í áhættumeiri hluta skuldabréfamarkaðarins var hins vegar betri, en þeir sjóðir nutu hás vaxtastigs á sama tíma og lítið var um greiðsluvandræði og endurheimtur því góðar. Segja má að erlendi skuldabréfamarkaðurinn hafi ekki staðið undir þeim væntingum sem til hans voru gerðar í upphafi árs og eru nú gerðar lægri væntingar til þess markaðar í ljósi aukinnar óvissu í heimshagkerfinu. Markaðurinn býður hins vegar upp á stór tækifæri til áhættudreifingar og með virkri stýringu má finna góð ávöxtunartækifæri í eignaflokknum.


Útlán til sjóðfélaga



Heildarfjárhæð veittra lána til sjóðfélaga



Fjöldi veittra lána til sjóðfélaga



Sjóðfélagalán stóðu í rúmunum 127,5 ma.kr. í lok árs, sem er 3,6% herra en árið áður. Veitt voru lán fyrir tæplega 15 ma. kr. á árinu, en það er lækkun um 9% frá árinu 2023. Veittum lánum fækkaði nokkuð á milli ára, því alls voru veitt 733 lán á árinu miðað við 790 lán árið á undan. Uppgreiðslur lána námu tæpum 7 ma.kr. sem er aðeins lægri fjárhæð en árið á undan þegar uppgreiðslur námu um 7,1 ma.kr. Á árinu var 920 m.kr. af séreignarsparnaði ráðstafað inn á fasteignalán hjá LSR.

Sjóðfélögum hjá LSR stendur til boða að taka óverðtryggt og verðtryggt lán. Á árinu voru 31,9% veittra lána óverðtryggt en 68,1% verðtryggt. Þetta er nokkuð svipað hlutfall og árið áður, en þá námu óverðtryggt lán 28,9% af heildarlánsfjárhæð en verðtryggt lán 71,1%.

Veitt lán á árinu

	2024	2023	Breyting
Fjárhæð (m.kr.)	14.787	16.084	-8,1%
Fjöldi lána	733	790	-7,2%
Meðalfjárhæð (m.kr.)	20,2	19,6	3,5%

Þróun vaxta var mismunandi milli verðtryggðra og óverðtryggðra lána á árinu. Þannig lækkuðu óverðtryggðir vextir sjóðfélagalána úr 9,9% í ársbyrjun í 9% við lok árs. Vextir verðtryggðra lána hækkuðu hins vegar á árinu, úr 4,1% í ársbyrjun í 4,5% í árslok. Allt árið 2024 voru sömu vextir á báðum verðtryggðu lánakostum LSR, en sjóðurinn býður annars vegar upp á verðtryggð lán með föstum vöxtum út allan lánstímann og hins vegar verðtryggð lán með vöxtum sem eru endurskoðaðir á þriggja ára fresti.

Hlutfall lána í vanskilum hefur verið lágt síðustu ár og nam fjárhæð lána í vanskilum 0,44% af eftirstöðvum sjóðfélagalána í árslok 2024.

Upplýsingar um vanskil


	2024	2023	Breyting
Uppgreiðsluvirði lána í 90 daga vanskilum (m.kr.)	524	222	136%
Hlutfall lána í 90 daga vanskilum	0,44%	0,18%	141%
Fjöldi lána í meira en 90 daga vanskilum í árslok	33	14	136%

LSR hefur lagt áherslu á sjálfvirkni í tengslum við lánumsóknir. Þannig er hægt er að sækja rafrænt um lán hjá LSR á vef sjóðsins, tengjast sjálfvirku greiðslumati og undirrita fylgiskjöl lána með rafrænum hætti. Með aukinni sjálfvirkni leitast LSR við að einfalda lánumsóknarferlið og bæta þjónustu við sjóðfélaga.


Lán í árslok

	2024	2023	Breyting
Heildarfjárhæð (m.kr.)	127.530	122.891	3,8%
Fjöldi lána	8.013	8.114	-1,2%
Meðalfjárhæð (m.kr.)	16	15	5,1%

Meðalfjárhæð veittra lána til sjóðfélaga



Útistandandi lán til sjóðfélaga



Ársskýrsla LSR 2024

A-deild

Lykilstærðir A-deildar

Hrein eign til
greiðslu lífeyris

1.302,4
ma.kr.

Hreinar
fjárfestingartekjur

139,9
ma.kr.

Nafnávöxtun

12,2%


Hrein raunávöxtun
6,9%

Rekstrarkostnaður


0,11%

í hlutfalli af meðalstöðu
eigna

A-deild: Hrein eign til greiðslu lífeyris



A-deild: Fjárfestingartekjur



Hlutfall eigna í erlendum
gjaldmiðlum

48,6%

Hlutfall verðtryggðra eigna

31,3%

Löggjöld

48,8
ma.kr.

Lífeyrir

25,9
ma.kr.

Meðalfjöldi virkra
sjóðfélaga

31.053

Meðalfjöldi lífeyrisþega

14.054

Um A-deild

A-deild LSR var stofnuð árið 1997 með jafnri réttindaávinnslu. Á árinu 2017 var réttindaávinnslu A-deildar breytt úr jafnri ávinnslu í aldurstengda auk þess sem óbein bakábyrgð launagreiðenda á lífeyrisréttindum var felld niður.

A-deild LSR hefur starfað í 28 ár sem þykir ekki ýkja langur tími fyrir lífeyrissjóð. Þrátt fyrir það er deildin orðin næststærsti lífeyrissjóður landsins í eignum talið. Deildin hefur vaxið um 1.006 ma.kr. á síðastliðnum tíu árum og eru 64,9% þess vaxtar komin til vegna ávöxtunar.

Ársreikningur A-deildar 2024

Verðbréf


Verðbréfaeign A-deildar nam 1.290,9 mö.kr í árslok 2024 og skiptist samkvæmt töflunni hér fyrir neðan sem sýnir jafnframt fjárfestingarstefnu A-deildar fyrir árið 2025. Fjárfestingarstefnan gerir ráð fyrir að hlutfall hlutabréfa í safni sjóðsins lækki lítillega á komandi árum en á móti fari hlutfall skuldabréfa örlítið hækkandi. Áfram er lögð áhersla á eigna- og áhættudreifingu í eignasafninu með hagkvæmasta samvali verðbréfa.

Verðbréfaeign A-deildar og fjárfestingarstefna

Eignaflokkar	Eignir (m.kr.)	Hlutfall	Stefna	Vikmörk
Skuldabréf - ríki og sveitarfélög	219.140	17,0%	17%	
Ríkisbréf	183.189	14,2%	14%	10-30%
Sveitarfélagabréf	35.951	2,8%	3%	0-10%
Fasteignaveðtryggð verðbréf	170.572	13,2%	13%	
Sjóðfélagalán	107.969	8,4%	8%	0-15%
Veðskuldabréf og -sjóðir	29.026	2,2%	2%	0-10%
Sértryggð bréf	33.578	2,6%	3%	0-10%
Erlend skuldabréf	37.585	2,9%	6%	
Erlend skuldabréf	37.585	2,9%	6%	0-10%
Skuldabréf - önnur	96.469	7,5%	8%	
Fyrirtækjabréf	81.805	6,3%	7%	0-15%
Lánastofnanabréf	13.580	1,1%	1%	0-5%
Skuldabréfasjóðir	1.084	0,1%	0%	0-5%
Laust fé	21.086	1,6%	1%	
Innlán	19.329	1,5%	1%	0-10%
Lausafjársjóðir	1.757	0,1%	0%	0-5%
Innlend hlutabréf	197.402	15,3%	14%	
Innlend hlutabréf	179.443	13,9%	12%	0-30%
Innlendir sérhæfðir sjóðir	17.958	1,4%	2%	0-10%
Erlend hlutabréf	548.651	42,5%	41%	
Erlend hlutabréf	426.112	33,0%	32%	10-50%
Erlendir sérhæfðir sjóðir	122.539	9,5%	9%	0-15%
Eignasafn alls	1.290.906	100,0%	100,0%	

Nettófjárfestingar A-deildar 2024

Á árinu keypti A-deild verðbréf og veitti lán fyrir samtals 57,8 ma.kr. að teknu tilliti til seldra bréfa og uppgreiddra lána. Nettófjárfestingar A-deildar má sjá í grafinu hér fyrir neðan.



Iðgjöld og réttindaávinnsla

Iðgjald til A-deildar er 15,5% af heildarlaunum, hlutur sjóðfélaga er 4% og launagreiðanda 11,5%.


Iðgjöld til A-deildar hafa aukist jafnt og þétt síðustu ár og má rekja hækkunina að hluta til fjölgunar á sjóðfélögum. Meirihluti greiðandi sjóðfélaga starfar hjá ríkinu en að uppfylltum ákveðnum aðildarskilyrðum geta einstaklingar sem starfa hjá öðrum launagreiðendum greitt í A-deild.

	2024	2023	Breyting
Iðgjöld í m.kr.	48.761	46.184	5,6%
Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	31.053	30.293	2,5%
Fjöldi með réttindi í árslok	82.641	80.071	3,2%


Réttindaávinnsla hefur verið aldurstengd frá árinu 2017 en meirihluti sjóðfélaga er þó enn í jafnri ávinnslu samkvæmt eldra fyrirkomulagi. Þar sem allir nýir sjóðfélagar fara í aldurstengda ávinnslu á meðan engin nýliðun er í jafnri ávinnslu eykst hlutfall sjóðfélaga í aldurstengdri ávinnslu jafnt og þétt með hverju ári.

Að meðaltali voru greiðandi sjóðfélagar í aldurstengdri ávinnslu 13.595 í hverjum mánuði á árinu 2024 á meðan sjóðfélagar í jafnri ávinnslu voru 17.533 að meðaltali. Eins og sjá má grafinu hér fyrir neðan minnkar bilið milli þessara hópa jafnt og þétt með hverju árinu og má búast við að sjóðfélagar í aldurstengdri ávinnslu verði komnir í meirihluta á árinu 2026.

Greidd iðgjöld til A-deildar



Fjöldi sjóðfélaga eftir tegund ávinnslu




Lífeyrir


Sjóðfélagar A-deildar ávinna sér rétt til ævilangra eftirlauna. Auk þess njóta þeir réttar til örorkulífeyris ef orkutap verður 40% eða meira. Þá á maki rétt á makalífeyri við fráfalið sjóðfélaga og börn sjóðfélaga eiga rétt á barnalífeyri við orkutap eða fráfalið þeirra.

Hægt er að hefja töku eftirlauna hvenær sem er frá 60 til 80 ára aldurs og ekki er nauðsynlegt að láta af störfum þegar taka eftirlauna hefst. Sama gildir um töku á hálfum lífeyri. Við útreikning eftirlauna er miðað við 67 ára viðmiðunaraldur og lækka eftirlaun hlutfallslega ef eftirlaunataka hefst fyrir þann aldur, en hækka ef eftirlaunataka hefst síðar. Í jafnri réttindaávinnslu ávinnur sjóðfélagi sér árlegan eftirlaunarétt sem nemur 1,98% af meðallaunum. Sjóðfélagar í aldurstengdri réttindaávinnslu ávinna sér réttindi út frá réttindatölum sjóðsins.

Lífeyrisgreiðslur úr A-deild



Meðalfjöldi lífeyrisþega í A-deild



Lífeyrisgreiðslur A-deildar námu 25.944 m.kr. á árinu 2024 og hækkuðu um 24,2% milli ára en alls fengu 16.190 lífeyrisþegar greiðslur á árinu 2024. Á liðnu ári hófu 1.714 sjóðfélagar töku eftirlauna samanborið við 1.653 árið áður.

Meðalaldur lífeyrisþega í árslok 2024 var 69,3 ár og voru 71% af þeim konur en 29% karlar, reiknað án þeirra sem fá greiddan barnalífeyri.

Lífeyrisbyrði deildarinnar þ.e. hlutfall lífeyris af iðgjöldum, er lág enda deildin ung að árum. Lífeyrisbyrði á árinu 2024 var 52,6% en var 45,1% árið áður.

Lífeyrisgreiðslur

	2024	2023	Breyting
Eftirlaun	20.423	16.021	27,5%
Örorkulífeyrir	4.741	4.185	13,3%
Makalífeyrir	499	428	16,6%
Barnalífeyrir	281	253	11,0%
Samtals	25.943	20.887	24,2%

Fjárhæðir eru í milljónum kr.

Fjöldi lífeyrisþega

	2024	2023	Breyting
Eftirlaun	12.032	10.594	13,6%
Örorkulífeyrir	2.575	2.474	4,1%
Makalífeyrir	651	602	8,1%
Barnalífeyrir	932	912	2,2%
Samtals	16.190	14.582	11,0%

Meðalfjárhæðir árlegra lífeyrisgreiðslna

	2024	2023	Breyting
Eftirlaun	1.697	1.512	12,2%
Örorkulífeyrir	1.841	1.691	8,8%
Makalífeyrir	767	711	7,8%
Barnalífeyrir	301	277	8,6%
Heildarmeðaltal	1.602	1.432	11,9%

Fjárhæðir eru í þúsundum kr.


Skuldbindingar

Tryggingafræðileg staða A-deildar er reiknuð í samræmi við ákvæði 39. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Útreikningurinn er gerður af tryggingastærðfræðingi hjá Talnakönnun hf. sem hefur til þess tilskilda staðfestingu frá Fjármálaeftirlitinu og starfar sjálfstætt utan sjóðsins.

Athugun á tryggingafræðilegri stöðu hefur þann tilgang að meta eignir á móti þeim skuldbindingum sem felast í réttindum sjóðfélaga til lífeyris. Skuldbindingin er útreiknuð fjárhæð sem endurspeglar loforð til sjóðfélaga um lífeyrisgreiðslur í framtíðinni. Sjóðurinn þarf að eiga eignir til að standa undir þeim loforðum.

Skuldbinding A-deildar samanstendur annars vegar af áfallinni skuldbindingu, sem miðast við þau réttindi sem sjóðfélagar hafa þegar áunnið sér af greiddum iðgjöldum og hins vegar framtíðarskuldbindingu, þ.e. þeim réttindum sem áætlað er að núverandi sjóðfélagar muni ávinna sér í framtíðinni fram að töku eftirlauna. Skuldbinding A-deildar var 1.898,4 ma.kr. í árslok 2024 og hækkaði hún um 145,4 ma.kr. milli ára eða 8,3%.


Eignir og skuldbindingar A-deildar skv. tryggingafræðilegri úttekt



Tryggingafræðileg úttekt miðað við árslok 2024 sýnir að heildarstaða sjóðsins er jákvæð um 1,2% samanborið við 1,5% neikvæða stöðu í árslok 2023. Bætt tryggingafræðileg staða skýrist mestmegnis af góðri ávöxtun á árinu 2024. Raunávöxtun ársins var 7,0% en í tryggingafræðilegum forsendum er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðir nái að meðaltali 3,5% raunávöxtun til lengri tíma.

Verði mismunur á heildareignum og heildarskuldbindingum meiri en 10% ber að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum deildarinnar. Einnig þarf að gera breytingar ef munurinn er umfram 5% í aðra hvora áttina fimm ár í röð.

Eignir umfram skuldbindingar



Í tryggingafræðilegum forsendum er miðað við að ávöxtun eigna deildarinnar til lengri tíma verði 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs. Til samanburðar hefur meðaltal hreinnar raunávöxtunar verið 3,6% frá stofnun deildarinnar fyrir 27 árum. Samkvæmt þessu hafa forsendur um ávöxtun sem notaðar eru við útreikning á tryggingafræðilegri stöðu staðist en það vegur hins vegar á móti að lífslíkur hafa aukist og er nú gert ráð fyrir að sjóðfélagar lifi talsvert lengur en gert var ráð fyrir við stofnun A-deildar.

Ef núverandi lífslíkur með spá um lengingu meðalævi eru bornar saman við upphaflegar forsendur um ævilengd sem notaðar voru við stofnun A-deildar sést þessi munur vel. Árið 1997 var reiknað með að meðallífaldur sjóðfélaga sem var 45 ára þá, þ.e. fæddur 1952, væri 81,6 ár. Þegar spáð er í dag um meðallífaldur 45 ára sjóðfélaga, þ.e. einstaklings sem fæddur er 1980, með núverandi forsendum, er meðallífaldurinn 88,6 ár sem er um sjö árum lengri.

Gerð er nánari grein fyrir skuldbindingum A-deildar í ársreikningi, bæði í sérstöku yfirliti og í skýringarliðum nr. 14 og 15.

Ársskýrsla LSR 2024

B-deild

Lykilstærðir B-deildar

Hrein eign til
greiðslu lífeyris

233,2
ma.kr.

Hreinar
fjárfestingartekjur

30,4
ma.kr.

Nafnávöxtun

13,8%


Hrein raunávöxtun
8,3%

Rekstrarkostnaður

0,29%

í hlutfalli af meðalstöðu eigna

B-deild: Hrein eign til greiðslu lífeyris



B-deild: Fjárfestingartekjur



Hlutfall eigna í erlendum
gjaldmiðlum

40,5%

Hlutfall verðtryggðra eigna

36,4%

lðgjöld

0,9
ma.kr.

Lífeyrir

76,2
ma.kr.

Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga

671

Meðalfjöldi lífeyrisþega

18.984

Um B-deild LSR

B-deild LSR á rætur að rekja til stofnunar lífeyrissjóðs fyrir embættismenn árið 1919, en árið 1944 varð sjóðurinn fyrir alla ríkisstarfsmenn og nafni sjóðsins breytt í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Sjóðnum var skipt upp í tvær deildir 1997, þegar A-deild sjóðsins var stofnuð fyrir nýtt réttindakerfi, en eldra réttindakerfi fékk nafnið B-deild. Um leið var B-deildinni lokað fyrir nýjum sjóðfélögum.

Við lokun B-deildar voru greiðandi sjóðfélagar rúmlega 19 þúsund, en þeim hefur fækkað jafnt og þétt síðan þá. Á árinu 2024 greiddi einungis 671 sjóðfélagi iðgjöld til B-deildar að meðaltali, sem er fækkun um 172 frá árinu áður. Meðalfjöldi þeirra sem fengu greiddan lífeyri úr deildinni var 18.984, sem er fjölgun 429 milli ára.

Stöðug fækkun greiðandi sjóðfélaga undanfarin ár ásamt háu hlutfalli lífeyrisþega hefur leitt til þess að útlæði úr deildinni í formi lífeyrisgreiðslna umfram innflæði iðgjalda hefur verið mikið. Síðustu tíu ár hefur hrein eign engu að síður aukist um 5,8 ma.kr., sem helgast m.a. af því að fjárfestingartekjur tímabilsins námu um 208 mö.kr. Því til viðbótar hefur ríkissjóður greitt aukagreiðslur inn á skuldbindingar sínar við deildina, en nánar er fjallað um það í kaflanum um skuldbindingar hér neðar.

Ársreikningur B-deildar 2024

Verðbréf


Í árslok 2024 nam verðbréfaeign B-deildar 234,6 mö.kr. Verðbréfaeignin í árslok skiptist samkvæmt meðfylgjandi töflu sem sýnir jafnframt fjárfestingarstefnu B-deildar fyrir árið 2025. Fjárfestingarstefna B-deildar tekur annars vegar mið af því að draga úr áhættu í eignasafni deildarinnar og hins vegar af því að eignir deildarinnar fara minnkandi þar sem útgreiðslur eru hærri en inngreiðslur. B-deild þarf því að selja verðbréf til að standa undir mánaðarlegum lífeyrisgreiðslum.

Verðbréfaeign B-deildar og fjárfestingarstefna

Eignaflokkar	Eignir (m.kr)	Hlutfall	Stefna	Vikmörk
Skuldabréf - ríki og sveitarfélög	53.581	22,8%	28%	
Ríkisbréf	49.021	20,9%	23%	10-30%
Sveitarfélagabréf	4.560	1,9%	5%	0-10%
Fasteignaveðtryggð verðbréf	22.922	9,8%	13%	
Sjóðfélagalán	19.516	8,3%	8%	0-15%
Veðskuldabréf og -sjóðir	1.578	0,7%	1%	0-5%
Sértryggð bréf	1.828	0,8%	4%	0-10%
Erlend skuldabréf	1.210	0,5%	2%	
Erlend skuldabréf	1.210	0,5%	2%	0-10%
Skuldabréf - önnur	12.714	5,4%	7%	
Fyrirtækjabréf	11.197	4,8%	5%	0-10%
Lánastofnanabréf	1.500	0,6%	2%	0-5%
Skuldabréfasjóðir	16	0,0%	0%	0-5%
Laust fé	19.529	8,3%	5%	
Innlán	19.529	8,3%	5%	0-10%
Lausafjár sjóðir	0	0,0%	0%	0-5%
Innlend hlutabréf	37.064	15,8%	12%	
Innlend hlutabréf	36.208	15,4%	12%	0-25%
Innlendir framtakssjóðir	856	0,4%	0%	0-5%
Erlend hlutabréf	87.538	37,3%	33%	
Erlend hlutabréf	86.284	36,8%	33%	10-50%
Erlendir framtakssjóðir	1.254	0,5%	0%	0-5%
Verðbréfaeign alls	234.558	100,0%	100,0%	

Nettófjárfestingar B-deildar

Á árinu seldi B-deild verðbréf umfram fjárfestingar fyrir 27,1 ma.kr. og var sala umfram fjárfestingar mest í erlendum hlutabréfum. Nettófjárfestingar B-deildar má sjá á grafinu hér fyrir neðan.




Iðgjöld og réttindaávinnsla

Iðgjald til B-deildar er 12% af dagvinnulaunum, persónuuppbót, orlofsuppbót og vaktaálagi vegna reglubundinna vakta. Hluti sjóðfélaga er 4% og launagreiðanda 8%. Réttindi sjóðfélaga miðast við þann tíma sem greitt hefur verið í sjóðinn ásamt starfshlutfalli.


Fækkun sjóðfélaga í B-deild leiddi til þess að iðgjaldagreiðslur lækkuðu um 15,1% frá fyrra ári og námu 904 m.kr. Þetta er í fyrsta sinn sem iðgjaldagreiðslur deildarinnar fara undir 1 milljarð króna á einu ári.

	2024	2023	Breyting
Iðgjöld í m.kr.	904	1.064	-15,1%
Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	671	843	-20,5%
Fjöldi með réttindi í árslok	34.065	34.728	-1,9%

Greidd iðgjöld til B-deildar




Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga



Lífeyrir

Sjóðfélagar í B-deild ávinna sér rétt til ævilangra eftirlauna auk þess að njóta réttar til örorkulífeyris ef orkutap verður 10% eða meira. Þá á maki rétt á ævilöngum makalífeyri við fráfall sjóðfélaga en makalífeyrir ávinnst á hjúskapartíma og haldast áunnin réttindi þrátt fyrir hjúskaparslit. Börn sjóðfélaga eiga rétt á barnalífeyri við orkutap eða fráfall þeirra.

Almennur réttur til töku eftirlauna er við 65 ára aldur. Virkum sjóðfélaga er þó heimilt að hefja töku lífeyris fyrr ef samanlagður lífaldur og greiðslutími til sjóðsins er 95 ár eða meira (95 ára reglan) en þó aldrei fyrir 60 ára aldur.



Lífeyrir reiknast sem hlutfall af launum við starfslok en í ákveðnum tilvikum sem hlutfall af launum vegna 10 ára starfsaldurs í hærra launuðu starfi. Lífeyrisgreiðslur breytast í takt við þróun dagvinnulauna hjá opinberum starfsmönnum, annað hvort hjá eftirmanni í starfi eða samkvæmt vísitölu sem Hagstofa Íslands gefur út mánaðarlega og mælir breytingar sem verða á dagvinnulaunum opinberra starfsmanna. Á árinu 2024 hækkaði vísitalan um 5,4% en hækkunin árið á undan var 9,8%.

Lífeyrisgreiðslur B-deildar námu 76,2 ma.kr. og jukust um 6,1% á milli ára. Alls fengu 21.542 lífeyrisþegar greiðslur á árinu en meðalfjöldi þeirra sem fékk mánaðarlegar greiðslur var 18.984. Á liðnu ári hófu 1.152 sjóðfélagar töku eftirlauna samanborið við 1.193 árið áður.

Meðalaldur lífeyrisþega í árslok var 75,7 ár, reiknað án þeirra sem fá greiddan barnalífeyri.

Lífeyrisgreiðslur

	2024	2023	Breyting
Eftirlaun	65.442	61.566	6,3%
Örorkulífeyrir	1.092	1.128	-3,2%
Makalífeyrir	9.612	9.077	5,9%
Barnalífeyrir	4	4	-10,1%
Samtals	76.151	71.776	6,1%

Fjárhæðir eru í milljónum kr.

Fjöldi lífeyrisþega

	2024	2023	Breyting
Eftirlaun	17.342	16.925	2,5%
Örorkulífeyrir	1.091	1.153	-5,4%
Makalífeyrir	3.045	3.033	0,4%
Barnalífeyrir	64	70	-8,6%
Samtals	21.542	21.181	1,7%

Meðalfjárhæð árlegra lífeyrisgreiðslna

	2024	2023	Breyting
Eftirlaun	3.774	3.638	3,7%
Örorkulífeyrir	1.001	979	2,3%
Makalífeyrir	3.157	2.993	5,5%
Barnalífeyrir	59	60	-1,7%
Heildarmeðaltal	3.535	3.389	4,3%


Fjárhæðir eru í þúsundum kr.

Af þeim 76,2 ma.kr. sem greiddur var í lífeyri úr B-deild á síðasta ári voru 32,7 ma.kr. fjármagnaðir með greiðslum frá launagreiðendum til sjóðsins. Samkvæmt lögum um LSR er launagreiðendum í B-deild skylt að standa straum af þeim hluta lífeyris sem tilkominn er vegna hækkunar á áður úrskurðuðum lífeyri fyrrum starfsmanna sinna, svokallaðar lífeyrishækkanir. LSR stendur skil á öllum áunnum réttindum til lífeyrisþega en sjóðurinn eignast kröfu á launagreiðendur sem nemur lífeyrishækkuninni.

Hlutfall launagreiðenda í lífeyrisgreiðslum var 42,9% á árinu 2024 en var 42,6% árið áður. Slík hækkun á milli ára er eðlileg í ljósi þess að hlutur launagreiðenda í lífeyrisgreiðslu lífeyrisþegans fer hækkandi því lengur sem lífeyrisþeginn er á lífeyri þar sem allar hækkanir eftir lífeyristöku eru greiddar af viðkomandi launagreiðanda.

Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt er gert ráð fyrir að þetta hlutfall fari því áfram vaxandi í framtíðinni og verði að meðaltali 55,7% frá ársbyrjun 2024 þar til síðasta greiðsla úr sjóðnum er innt af hendi.

Lífeyrishækkannir B-deildar




Skuldbindingar

Tryggingafræðileg staða B-deildar er reiknuð í samræmi við ákvæði 39. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Útreikningurinn er gerður af tryggingastærðfræðingi hjá Talnakönnun hf. sem hefur til þess tilskilda staðfestingu frá Fjármálaeftirlitinu og starfar sjálfstætt utan sjóðsins.

Athugun á tryggingafræðilegri stöðu hefur þann tilgang að meta eignir á móti þeim skuldbindingum sem felast í áunnum réttindum og framtíðarréttindum sjóðfélaga til lífeyris. Skuldbindingin er útreiknuð fjárhæð sem endurspeglar loford til sjóðfélaga um lífeyrisgreiðslur í framtíðinni.

B-deild á eignir til að mæta 20,2% af áfallinni skuldbindingu en því til viðbótar á hún kröfu á launagreiðendur vegna hlutdeildar í lífeyrisgreiðslum og kröfu á ríkissjóð vegna bakabyrgðar á skuldbindingum. Að teknu tilliti til þessara krafna eru eignir og skuldbindingar B-deildar í jafnvægi. Vegna aukins útlæðis hefur gengið hratt á eignir deildarinnar en fyrir tíu árum síðan námu þær 35,5% af skuldbindingum.

Núvirtar eignir sem hlutfall af áföllnum skuldbindingum



Skuldbinding B-deildar samanstendur af áfallinni skuldbindingu annars vegar, sem miðast við þau réttindi sem sjóðfélagar hafa þegar áunnið sér miðað við síðustu áramót, og hins vegar við þau réttindi sem áætlað er að sjóðfélagar muni ávinna sér í framtíðinni fram að töku eftirlauna. Einungis 1,0% af heildarskuldbindingu B-deildar eru vegna réttinda sem sjóðfélagar eiga eftir að ávinna sér í framtíðinni, þannig að stærsti hluti af skuldbindingunni er þegar kominn fram sem áfallin skuldbinding.

Áfallin skuldbinding B-deildar var 1.172 ma.kr. í árslok 2024 og hækkaði um 5,5 ma.kr. á milli ára eða 0,5%. Áfallin staða B-deildar var -79,8% í árslok 2024 en hún var -79,5% árið áður. Hlutfallsleg staða sjóðsins versnar því lítillega á milli ára og skýrist það af nokkrum þáttum. Sú vísitala sem mælir breytingar á dagvinnulaunum opinberra starfsmanna hækkaði um 5,4% á árinu 2024 en hækkun dagvinnulauna hefur bein áhrif á skuldbindingar sjóðsins. Á sama tíma var nettó útlæði úr sjóðnum 34,4 ma.kr. á árinu 2024 sem kemur til lækkunar á eignum. Á móti þessum þáttum vegur að nafnávöxtun var 13,8% á árinu 2024 sem er vel umfram hækkun skuldbindinga. Þá voru lífeyrisgreiðslur ársins 76,2 ma.kr. sem koma til lækkunar á skuldbindingu. Þessir þættir vógu hvorn annan upp og gerðu það að verkum að skuldbindingar B-deildar hækkuðu eins og áður sagði einungis um 0,5% á síðasta ári.

Fjármögnun áfallinnar skuldbindingar í árslok 2024

	Í m.kr.	Hlutdeild	Uppsöfnuð %
Hrein eign til greiðslu lífeyris	233.167	19,9%	19,9%
Endurmat á verðbréfaeign	3.435	0,3%	20,2%
Krafa á launagreiðendur vegna lífeyrishækkana	652.584	55,7%	75,9%
Krafa á ríkissjóð vegna bakábyrgðar	282.827	24,1%	100,0%
Áfallin skuldbinding samkv. tryggingafrl. úttekt	1.172.013	100,0%	


Gerð er nánari grein fyrir skuldbindingum B-deildar í ársreikningi, bæði í sérstöku yfirliti og í skýringarliðum nr. 14 og 15.

Hlutdeild launagreiðenda í skuldbindingum og bakábyrgð ríkissjóðs

Samkvæmt lögum um LSR á B-deild kröfu á hendur launagreiðendum vegna lífeyrishækkana, sem er sá hluti lífeyris sem er umfram fyrstu greiðslu lífeyris. Hafi lífeyrisþegi unnið hjá fleiri en einum launagreiðanda skiptist greiðslan hlutfallslega miðað við áunnin réttindi hjá hverjum launagreiðanda fyrir sig.

Sá hluti skuldbindinga sem launagreiðendur eiga að standa undir í formi lífeyrishækkana er metinn 652,6 ma. kr. í árslok 2024 eða um 55,7% af áfallinni skuldbindingu. Krafa á launagreiðendur vegna lífeyrishækkana er tilgreind sem eign utan efnahags í ársreikningi og hún sett fram sem skýring við efnahagsreikning.


Sundurliðun áfallinnar skuldbindingar eftir ábyrgð



Krafa á launagreiðendur vegna lífeyrishækkana jókst um 5,3 ma.kr. milli ára eða 0,8%. Hækkun á hlutdeild launagreiðenda í lífeyrisgreiðslum er m.a. afleiðing af launahækkunum. Þá hefur það einnig áhrif á hlutdeild launagreiðanda hversu langt er síðan taka lífeyris hófst, þar sem launagreiðandi greiðir allar hækkanir sem verða umfram fyrstu greiðslu lífeyris til sinna fyrrverandi starfsmanna. Hlutfall launagreiðanda í lífeyrisgreiðslum fer því hækkandi eftir því sem tíminn líður frá upphafsdegi lífeyristöku.

Réttindakerfi B-deildar er að hluta til byggt upp sem gegnumstreymiskerfi og að hluta með sjóðsöfnun. Þau réttindi sem sjóðfélagar ávinna sér eru mun meiri en hægt er að standa undir með 12% iðgjaldi. Vegna lokunar B-deildar fyrir nýjum sjóðfélögum og uppbyggingar réttindakerfis sjóðsins liggur fyrir að eignir munu klárast áður en skuldbindingar verða greiddar að fullu. Eftir að sjóðnum var lokað hafa lífeyrisgreiðslur verið margfalt hærri en hefðbundnar iðgjaldagreiðslur og hefur stærstur hluti af eignamyndun eftir lokun sjóðsins verið tilkominn vegna ávöxtunar, aukagreiðslna ríkissjóðs og uppgjörs á skuldbindingum. Þegar B-deild getur ekki lengur innt af hendi lífeyrisgreiðslur með tekjum sínum og eignum mun reyna á bakábyrgð ríkissjóðs.

Bakábyrgð ríkissjóðs




Áfallin bakábyrgð ríkissjóðs gagnvart B-deild var í árslok 2024 metin 282,8 ma.kr. eða 24,1% af áfallinni skuldbindingu sjóðsins. Á súluritinu hér fyrir ofan má sjá hvernig bakábyrgð ríkissjóðs hefur þróast undanfarin tíu ár og hvaða áhrif aukagreiðslur ríkissjóðs hafa haft. Bakábyrgðarkrafa á ríkissjóð vegna B-deildar hækkaði um 1,1% á árinu 2024. Hækkun á bakábyrgðarkröfu skýrist m.a. af því að lífeyrisgreiðslur eru talsvert umfram innflæði í sjóðinn og gengur því hratt á eignir hans. Þá hækkaði sú vísitala sem lífeyrisgreiðslur og skuldbindingar þróast eftir um 5,4% á árinu 2024. Hvoru tveggja kemur til hækkunar á bakábyrgð ríkissjóðs. Aukagreiðslur ríkissjóðs á árinu 2024 koma aftur á móti til lækkunar á bakábyrgð ásamt góðri ávöxtun eigna á árinu 2024.

Innborganir ríkissjóðs inn á skuldbindingar

Þegar B-deild var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum árið 1997 var ljóst að eignir myndu klárast áður en skuldbindingar hefðu verið greiddar að fullu. Uppsöfnuð áunnin réttindi sjóðfélaga B-deildar voru þá þegar orðin mikil en þau áttu eftir að koma til útgreiðslu í formi lífeyris á næstu 70 árum. Á árinu 1999 byrjaði ríkissjóður að greiða aukalega til B-deildar með það að markmiði að dreifa greiðslum sínum vegna bakábyrgðar yfir lengri tíma. Hlé var gert á þessum greiðslum árið 2009 en þær hófust aftur á árinu 2017. Síðastliðin átta ár hafa aukagreiðslur úr ríkissjóði numið samtals 75 ma.kr. en þar af voru 8 ma.kr. greiddir á árinu 2024. Án aukagreiðslna hefði bakábyrgð ríkissjóðs verið 516,0 ma.kr. í árslok 2024.

Innborganir ríkissjóðs inn á skuldbindingar




Til viðbótar við framangreindar aukagreiðslur hefur ríkissjóður greitt viðbótariðgjöld til B-deildar en þau námu 325 m.kr. á árinu 2024. Alls greiddi ríkissjóður því 8,3 ma.kr. aukalega til sjóðsins á árinu 2024.

Við útgreiðslu lífeyris hefur fyrst verið gengið á aðrar eignir en þær sem ríkissjóður hefur greitt aukalega til B-deildar. Aðrar eignir B-deildar voru uppnar í nóvember 2015 og ef engar aukagreiðslur hefðu komið frá ríkissjóði hefðu allar greiðslur til lífeyrisþega þurft að koma úr ríkissjóði frá þeim tímapunkti. Frá nóvember 2015 hafa 289,8 ma.kr. af aukagreiðslum ríkissjóðs til B-deildar ásamt ávöxtun verið nýttir til að greiða sjóðfélögum lífeyri.

Framtíðarsjóðstreymi

Reiknaðar hafa verið þær greiðslur sem B-deild þarf að greiða lífeyrisþegum í framtíðinni vegna réttinda sem þeir hafa áunnið sér og koma til með að ávinna sér fram að töku lífeyris. Á móti lífeyrisgreiðslum fær B-deild lífeyrishækkarnir frá launagreiðendum. Þegar eignir til greiðslu lífeyris verða uppnar mun B-deild fá greiðslur frá ríkissjóði vegna bakábyrgðar. Miðað við fast verðlag náðu lífeyrisgreiðslur sjóðsins hámarki á árinu 2024. Greiðslur launagreiðenda vegna lífeyrishækkana verða hins vegar í hámarki árin 2029 og 2030 en þær vega mun þyngra í framtíðarsjóðstreyminu en greiðslur vegna bakábyrgðar. Hlutdeild launagreiðenda í lífeyrisgreiðslum hefur farið vaxandi undanfarin ár en hún var 42,9% á árinu 2024. Gert er ráð fyrir að hlutur launagreiðanda haldi áfram að hækka til framtíðar og hlutfallið verði að meðaltali 55,7% út líftíma sjóðsins.

Greiðslur til B-deildar árin 2025-2060 á verðlagi ársloka 2024



Aukagreiðslur ríkissjóðs hafa styrkt fjárhagsstöðu B-deildar verulega og án þeirra hefði sjóðurinn klárað sínar eignir á árinu 2015. Uppsafnaðar aukagreiðslur ásamt ávöxtun þeirra út árið 2024 hafa hins vegar náð að lengja líftíma sjóðsins fram á árið 2031. Þetta þýðir að án frekari aukagreiðslna úr ríkissjóði eftir árslok 2024 þarf ríkissjóður frá og með árinu 2031 að öllu óbreyttu að standa að fullu undir greiðslu lífeyris úr B-deild. Samkvæmt sjóðstreymisgreiningu yrðu greiðslur ríkissjóðs vegna bakábyrgðar að meðaltali 27,2 ma.kr. á ári frá árinu 2031 og næstu fimm árin eftir að B-deild tæmist, miðað við verðlag í árslok 2024, en færu svo lækkandi. Á sama tíma munu greiðslur til B-deildar vegna hlutdeildar launagreiðenda í lífeyrisgreiðslum nema 34,6 mö.kr. á ári að meðaltali en stærstur hluti þeirrar fjárhæðar kemur úr ríkissjóði. Á sviðsmynd hér fyrir ofan er framtíðargreiðsluflæði B-deildar sýnt án frekari aukaframlaga frá ríkissjóði.

Til þess að tryggja að B-deild geti staðið við skuldbindingar sínar á hverjum tíma með eignum sínum þyrftu árlegar aukagreiðslur frá ríkissjóði að vera að meðaltali 16,3 ma.kr. á ári næstu 20 árin miðað við verðlag í árslok 2024. Samkvæmt fjárlögum er áformað að greiða 10,4 ma.kr. til B-deildar á árinu 2025. Samkvæmt fjármálaáætlun ríkissjóðs til næstu 5 ára er gert ráð fyrir að aukagreiðslum til sjóðsins verði haldið áfram. Áframhaldandi aukagreiðslur bæta stöðu B-deildar og fresta þeim tímapunkti að sjóðurinn tæmist.



Ársskýrsla LSR 2024


Séreign

Lykilstærðir Séreignar

Leið I	Leið II	Leið III	Tilgreind séreign
Nafnávöxtun	Nafnávöxtun	Nafnávöxtun	Nafnávöxtun
13,8%	11,9%	7,0%	11,3%
8,5%	6,7%	2,1%	6,1%
Hrein raunávöxtun	Hrein raunávöxtun	Hrein raunávöxtun	Hrein raunávöxtun
Hrein eign til greiðslu lífeyris	Hrein eign til greiðslu lífeyris	Hrein eign til greiðslu lífeyris	Hrein eign til greiðslu lífeyris
12.084	4.070	14.765	254
m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.
Hreinar fjárfestingartekjur	Hreinar fjárfestingartekjur	Hreinar fjárfestingartekjur	Hreinar fjárfestingartekjur
1.460	420	938	16
m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.
Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga
921	705	1.211	504
91	29	224	-
Meðalfjöldi lífeyrisþega	Meðalfjöldi lífeyrisþega	Meðalfjöldi lífeyrisþega	Meðalfjöldi lífeyrisþega
49	48	60	48
Meðalaldur sjóðfélaga	Meðalaldur sjóðfélaga	Meðalaldur sjóðfélaga	Meðalaldur sjóðfélaga


Hrein eign til greiðslu lífeyris

Séreign og Tilgreind séreign



Fjárfestingartekjur

Séreign og Tilgreind séreign



	Leið I	Leið II	Leið III	Tilgreind séreign
Hlutfall eigna í erlendum gjaldmiðlum	49,9%	27,0%	0,0%	32,5%
Hlutfall verðtryggðra eigna	20,7%	45,4%	88,0%	29,2%
Iðgjöld (m.kr.)	234	239	920	190
Lífeyrir (m.kr.)	371	66	687	0
Rekstrarkostnaður í hlutfalli af meðalstöðu eigna	0,10%	0,10%	0,07%	0,10%

Séreign LSR var stofnuð í ársbyrjun 1999. LSR hefur frá upphafi lagt áherslu á örugga vörslu séreignarsparnaðar, góða þjónustu við sjóðfélaga, góða ávöxtun og lágan rekstrarkostnað.

Tilgreind séreign er hluti af Séreign LSR, en hún var stofnuð 1. júlí 2023. Tilgreind séreign veitir sjóðfélögum í A-deild kost á að greiða hluta af skylduiðgjaldi, allt að 3,5%, í tilgreinda séreign. Iðgjaldið til A-deildar lækkar þá á móti. Þar með fá sjóðfélagar aukið val um þau réttindi sem lífeyrisiðgjaldið veitir og möguleika á meiri sveigjanleika á lífeyrisgreiðslum en áður hefur boðist.

Sjóðfélagar í Séreign geta valið á milli þriggja mismunandi fjárfestingarleiða sem eru með ólíka fjárfestingarstefnu. Í Tilgreindri séreign er ein fjárfestingarleið.

Hrein eign Séreignar í árslok 2024 var 31.173 m.kr. og hefur hún vaxið um 18.986 m.kr. á síðastliðnum tíu árum. Á þeim árum hafa fjárfestingartekjur numið 14.122 m.kr. og er 74,4% af vexti eigna á tímabilinu tilkominn vegna ávöxtunar. Á árinu 2024 greiddu að meðaltali 3.257 sjóðfélagar iðgjöld til Séreignar LSR í hverjum mánuði.

Ársreikningur Séreignar 2024

Hrein eign til greiðslu lífeyris

Fjárfestingarleiðir	2024	2023
Leið I	12.084	10.772
Leið II	4.070	3.481
Leið III	14.765	13.604
Tilgreind séreign	254	49
Samtals	31.173	27.907


Fjárhæðir í milljónum kr.

Verðbréf og ávöxtun

Sjóðfélagar í Séreign geta valið á milli eftirfarandi séreignarleiða:

Leið I	Leið II	Leið III	Sérleið
Megináhersla á hlutabréf	Megináhersla á skuldabréf	Eingöngu innlán	
Sveiflur í ávöxtun geta verið talsverðar	Sveiflur í ávöxtun að jafnaði minni	Sveiflur í ávöxtun í lágmarki	Inneign sjóðfélaga færist sjálfkrafa úr Leið I eða Leið II yfir í Leið III við 55 ára aldur
Meiri áhætta	Miðlungs áhætta	Lítill áhætta	

Skipting eigna í Séreign og Tilgreindri séreign



Markmiðið með að bjóða upp á mismunandi ávöxtunarleiðir er að mæta ólíkum þörfum sjóðfélaga. Almennt gildir að því lengri sem ávöxtunartíminn er, því meira er svigrúm sjóðfélaga til að taka á sig áhættu og þola tímabundnar sveiflur í von um hærri langtímaávöxtun. Þegar líður að útgreiðslum eru sjóðfélagar líklegri til að vilja minnka áhættu.

Í Tilgreindri séreign er stefnt á að hlutfall hlutabréfa og skuldabréfa verði nokkuð jafnt, en þar sem 2024 var fyrsta heila starfsár deildarinnar er hún enn í uppbyggingarfasa.

Verðbréfaeign

Í árslok 2024 nam verðbréfaeign Séreignar og Tilgreindar séreignar 31,2 mö.kr. Talsverðar sveiflur voru á innlendum og erlendum verðbréfamörkuðum á árinu en allar fjárfestingarleiðir skiluðu góðri raunávöxtun.


Ávöxtun ársins

	Nafnávöxtun	Hrein raunávöxtun
Leið I	13,8%	8,5%
Leið II	11,9%	6,7%
Leið III	7,0%	2,1%
Tilgreind séreign	11,3%	6,1%

Leið I

Nafnávöxtun Leiðar I á árinu 2024 var 13,8% og var hrein raunávöxtun ársins 8,5%. Síðustu fimm árin er meðaltal hreinnar raunávöxtunar 2,6% og 10 ára meðaltalið er 4,1%.

Hrein raunávöxtun Leiðar I




Verðbréfaeign Leiðar I og fjárfestingarstefna

Eignaflokkar	Eignir (m.kr)	Hlutfall	Stefna	Vikmörk
Skuldabréf - ríki og sveitarfélög	548	4,5%	4%	
Ríkisbréf	440	3,6%	3%	0-15%
Sveitarfélagabréf	108	0,9%	1%	0-10%
Fasteignaveðtryggð verðbréf	118	1,0%	1%	
Sjóðfélagalán	0	0,0%	0%	0-0%
Veðskuldabréf og -sjóðir	0	0,0%	0%	0-5%
Sértryggð bréf	118	1,0%	1%	0-5%
Erlend skuldabréf	0	0,0%	0%	
Erlend skuldabréf	0	0,0%	0%	0-0%
Skuldabréf - önnur	3.298	27,3%	28%	
Fyrirtækjabréf	0	0,0%	0%	0-5%
Lánastofnanabréf	0	0,0%	0%	0-5%
Skuldabréfasjóðir	3.298	27,3%	28%	0-50%
Laust fé	259	2,1%	2%	
Innlán	259	2,1%	2%	0-10%
Lausafjársgjóðir	0	0,0%	0%	0-10%
Innlend hlutabréf	1.832	15,2%	15%	
Innlend hlutabréf	1.832	15,2%	15%	0-30%
Innlendir framtakssjóðir	0	0,0%	0%	0-0%
Erlend hlutabréf	6.028	49,9%	50%	
Erlend hlutabréf	6.028	49,9%	50%	0-65%
Erlendir framtakssjóðir	0	0,0%	0%	0-0%
Verðbréfaeign alls	12.084	100,0%	100,0%	

Leið II

Nafnávöxtun Leiðar II á árinu 2024 var 11,9% og var hrein raunávöxtun ársins 6,7%. Fimm ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar, er 0,7% og 10 ára meðaltal 2,7%.

Hrein raunávöxtun Leiðar II




Verðbréfaeign Leiðar II og fjárfestingarstefna

Eignaflokkar	Eignir (m.kr)	Hlutfall	Stefna	Vikmörk
Skuldabréf - ríki og sveitarfélög	441	10,8%	11%	
Ríkisbréf	312	7,7%	7%	0-15%
Sveitarfélagabréf	129	3,2%	4%	0-10%
Fasteignaveðtryggð verðbréf	197	4,8%	5%	
Sjóðfélagalán	0	0,0%	0%	0-0%
Veðskuldabréf og -sjóðir	0	0,0%	0%	0-0%
Sértryggð bréf	197	4,8%	5%	0-10%
Erlend skuldabréf	0	0,0%	0%	
Erlend skuldabréf	0	0,0%	0%	0-5%
Skuldabréf - önnur	1.888	46,4%	47%	
Fyrirtækjabréf	0	0,0%	0%	0-5%
Lánastofnanabréf	0	0,0%	0%	0-5%
Skuldabréfasjóðir	1.888	46,4%	47%	0-70%
Laust fé	133	3,3%	2%	
Innlán	133	3,3%	2%	0-10%
Lausafjár sjóðir	0	0,0%	0%	0-10%
Innlend hlutabréf	312	7,7%	8%	
Innlend hlutabréf	312	7,7%	8%	0-20%
Innlendir framtakssjóðir	0	0,0%	0%	0-0%
Erlend hlutabréf	1.098	27,0%	27%	
Erlend hlutabréf	1.098	27,0%	27%	0-45%
Erlendir framtakssjóðir	0	0,0%	0%	0-0%
Verðbréfaeign alls	4.069	100,0%	100,0%	

Leið III

Nafnávöxtun Leiðar III á árinu 2024 var 7,0% og var hrein raunávöxtun ársins 2,1%. Síðustu fimm árin er meðaltal hreinnar raunávöxtunar, 0,7% og 10 ára meðaltal 1,3%.

Hrein raunávöxtun Leiðar III




Verðbréfaeign Leiðar III og fjárfestingarstefna

Eignaflokkar	Eignir (m.kr)	Hlutfall	Stefna	Vikmörk
Laust fé	14.766	100%	100%	0-100%
Innlán	14.766	100%	100%	0-100%
Verðbréfaeign alls	14.766	100%		

Tilgreind séreign

Nafnávöxtun Tilgreindar séreignar 2024 var 11,3% og var hrein raunávöxtun ársins 6,1%. Þar sem árið 2024 er fyrsta heila starfsár leiðarinnar eru hvorki til 5 né 10 ára meðaltöl fyrir leiðina.

Hrein raunávöxtun Tilgreindrar séreignar



Verðbréfaeign Tilgreindrar séreignar og fjárfestingarstefna

Eignaflokkar	Eignir (m.kr)	Hlutfall	Stefna	Vikmörk
Skuldabréf - ríki og sveitarfélög	49	19,4%	15%	
Ríkisbréf	33	13,2%	10%	0-50%
Sveitarfélagabréf	16	6,2%	5%	0-30%
Fasteignaveðtryggð verðbréf	11	4,4%	8%	
Sjóðfélagalán	0	0,0%	0%	0-10%
Veðskuldabréf og -sjóðir	0	0,0%	0%	0-20%
Sértryggð bréf	11	4,4%	8%	0-30%
Erlend skuldabréf	10	4,0%	5%	
Erlend skuldabréf	10	4,0%	5%	0-20%
Skuldabréf - önnur	42	16,4%	22%	
Fyrirtækjabréf	0	0,0%	6%	0-20%
Lánastofnanabréf	0	0,0%	2%	0-20%
Skuldabréfasjóðir	42	16,4%	14%	0-40%
Laust fé	39	15,3%	3%	
Innlán	39	15,3%	3%	0-50%
Lausafjársjóðir	0	0,0%	0%	0-50%
Innlend hlutabréf	31	12,1%	12%	
Innlend hlutabréf	31	12,1%	12%	0-40%
Innlendir framtakssjóðir	0	0,0%	0%	0-10%
Erlend hlutabréf	72	28,5%	35%	
Erlend hlutabréf	72	28,5%	35%	0-50%
Erlendir framtakssjóðir	0	0,0%	0%	0-10%
Verðbréfaeign alls	254	100,0%	100,0%	

Iðgjöld og lífeyrir

Hefðbundinn séreignarsparnaður býðst til viðbótar við lögbundinn lífeyrissparnað og er sparnaðurinn persónuleg eign hvers og eins. Launþegar geta greitt á bilinu 2-4% af heildarlaunum sínum í séreignarsparnað og fá þá 2% mótframlag frá launagreiðanda og er því um beina launahækkun að ræða. Séreign LSR er með rýmri aðildarreglur en aðrar deildir sjóðsins og er í flestum tilvikum nóg að hafa einhverja tengingu við LSR eða þau aðildarfélög sem greiða til sjóðsins til að geta safnað í Séreign LSR.

Tilgreind séreign er um margt svipuð hefðbundinni séreign, nema að því leyti að iðgjaldagreiðslur eru hluti af 15,5% skylduiðgjaldi sjóðfélaga og lækkar þá framlag í samtryggingarsjóð sem því nemur. Hægt er að verja allt að 3,5% af launum í tilgreinda séreign.


Iðgjöld og fjöldatölur

	2024	2023	Breyting
Iðgjöld í m.kr.	1.583	1.399	13,2%
Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	3.257	3.057	6,5%
Fjöldi með réttindi í árslok	8.490	8.094	4,9%

Séreign og Tilgreind séreign


Iðgjaldagreiðslur

Séreign og Tilgreind séreign



Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga

Séreign og Tilgreind séreign




Hægt er að ráðstafa séreignarsparnaði inn á húsnæðislán sem og til kaupa á fyrstu fasteign eða til að auka við ráðstöfunartekjur eftir 60 ára aldur. Frá 60 ára aldri getur sjóðfélagi fengið séreignarlífeyri greiddan í einu lagi eða dreift greiðslum yfir lengri tíma. Útgreiðslur úr Tilgreindri séreign geta hafist frá 62 ára aldri. Við fráfall sjóðfélaga erfist séreignarsparnaður að fullu samkvæmt reglum erfðalaga.

Meðalaldur virkra sjóðfélaga í Séreign LSR var 52,6 ár í árslok 2024. Iðgjaldagreiðslur til Séreignar vegna ársins 2024 námu 2.060 m.kr. en af þeim var 477 m.kr. ráðstafað sem greiðslu inn á úrræði vegna fasteignakaupa. Endanlegar iðgjaldagreiðslur voru því 1.583 m.kr. Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga var 3.257 á árinu.

Útborgun séreignarlífeyris nam 1.125 m.kr. á árinu 2024 sem er aukning um 21,8% á milli ára. Alls fengu 635 sjóðfélagar greiðslur úr séreignarsjóði LSR á árinu 2024.


Lífeyrisgreiðslur

Séreign og Tilgreind séreign



Meðalfjöldi lífeyrisþega

Séreign og Tilgreind séreign



Lífeyrisgreiðslur

	2024	2023	Breyting
Greiðslur til 60 ára og eldri	1.054	865	21,9%
Aðrar útgreiðslur	70	58	20,3%
Samtals	1.125	924	21,8%

Fjárhæðir eru í milljónum kr.

Fjöldi lífeyrisþega

	2024	2023	Breyting
Greiðslur til 60 ára og eldri	573	525	9,1%
Aðrar útgreiðslur	88	66	33,3%
Samtals	661	591	11,8%

Meðalfjárhæð árlegra lífeyrisgreiðslna

	2024	2023	Breyting
Greiðslur til 60 ára og eldri	1.840	1.648	11,6%
Aðrar útgreiðslur	799	885	-9,8%
Samtals	1.702	1.563	8,9%

Fjárhæðir eru í þúsundum kr.



Ársskýrsla LSR 2024

Sjálfbærni

Sjálfbær LSR

LSR tileinkar sér ábyrga starfshætti, með vönduð vinnubrögð, fagmennsku og frumkvæði að leiðarljósi. Áherslur okkar í sjálfbærni eru sniðnar að þeim gildum sem sjóðurinn leitast eftir að fylgja, en með því sköpum við virði fyrir sjóðfélaga okkar og samfélag.

Sjálfbærnistefna LSR lýsir megináherslum sjóðsins varðandi sjálfbærni og hvernig sjóðurinn innleiðir þær áherslur í starfsemi sinni. Hvernig við uppfyllum þarfir núverandi kynslóða án þess að skerða þarfir komandi kynslóða og stuðlum um leið að jafnvægi milli hagvaxtar, umhverfis, félagslegrar velferðar og ábyrgra stjórnhátta.

Tekið er tillit til sjálfbærrar þróunar í starfsemi LSR en að mati sjóðsins hafa umhverfislegir þættir, félagslegir þættir og stjórnhættir (UFS) áhrif á rekstur og samkeppnishæfni fyrirtækja. LSR leitast við að þau félög sem fjárfest er í leggi ríka áherslu á sjálfbærni og vinni ötullega að sjálfbærnimálum ásamt því að stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda sem samræmist langtímahagsmunum sjóðsins, sjóðfélaga og samfélagsins í heild. Tekið er mið af lögum og reglum er varða sjálfbærni ásamt því að fara eftir viðurkenndum alþjóðlegum stöðlum og mælikvörðum um upplýsingagjöf til að stuðla að áreiðanleika og gagnsæi. Allar uppfærslur á sjálfbærnitengdu efni eru lagðar fyrir stjórn sjóðsins og öllum sjálfbærnifrávikum frá stefnu sjóðsins er fylgt eftir af ábyrgðaraðilum sjálfbærni innan LSR.

Viðskipti og virði



LSR

Starfar með hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi. Meginhlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri.



Lögjaldagreiðslur

Lífeyrissparnaður byggir á traustri fjárfestingu yfir starfsævina með ábyrgum og öruggum hætti.



Fjárfestingar

LSR er ábyrgur fjárfestir sem leggur áherslu á góða ávöxtun og takmarkar áhættu eftir því sem kostur er.



Eignasafn

Við stýringu eigna er leitast við að hafa dreifingu í eignasafninu sem mesta og lágmarka áhættu.



Greiðsla lífeyris

Aðild veitir sjóðfélögum viðtæk réttindi frá fyrstu lögjaldagreiðslu og allt til æviloka.



Framlag til samfélagsins

LSR leggur sitt af mörkum til samfélagsins með því að stuðla að ábyrgum starfsháttum, trausti og efnahagslegri velferð.



Umhverfislegir þættir

Snúa að því hvernig fyrirtæki gæta að umhverfislegum áhrifum í starfsemi sinni.



Félagslegir þættir

Snúa að því hvernig fyrirtæki koma fram við starfsfólk sitt, viðskiptavinum, birgja og hogaðila.



Stjórnhættir

Snúa að stjórnun fyrirtækja, innra eftirliti og réttindum hluthafa.

Aðferðafræði og verkferlar

LSR er ábyrgur langtímafjárfestir sem hefur það að markmiði að ná sem bestri ávöxtun á eignum sjóðsins. Við fjárfestingaákvörðanir eru áherslur LSR í sjálfbærnimálum hafðar til hliðsjónar, en leitast er við að fjárfestingar sjóðsins hafi jákvæð áhrif á umhverfislega og félagslega þætti eða miði að því að minnka neikvæð áhrif og bæta árangur til lengri tíma. Sjóðurinn hefur einnig markað sér stefnu um að leggja sérstaka áherslu á þrjú heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.



LSR leggur áherslu á jafnrétti kynjanna bæði hvað varðar innri starfsemi sjóðsins og í eignasafni. Sérstaklega er skoðað hvernig þessum þáttum er háttað við nýfjárfestingu og jafnrétti kynjanna gætt í hvívetna.



Fjárfestingar í félögum og sjóðum sem stuðla að orkuskiptum yfir í endurnýjanlega orkugjafa vega þungt sem og aukin fjárfesting sem gefin er út undir grænum fjármögnunarramma.



LSR leggur áherslu á að fjárfesta í nýsköpun og uppbyggingu. Það gerir sjóðurinn með því að fjárfesta í framtakssjóðum með það meginmarkmið að auka virðissköpun og vöxt þeirra félaga sem fjárfest er í, og í nýsköpunarsjóðum þar sem fjárfest er í félögum á fyrstu árum starfsemi þeirra. Með þessu vill LSR hlúa að nýsköpun og stuðla að sjálfbærri iðnvæðingu.

Út frá skilgreindu verklagi sjóðsins hafa verið mótaðar aðgerðir til að bregðast við mikilvægum áhrifum ásamt stýringu á helstu áhættuþáttum. LSR leitast við að hafa góða yfirsýn yfir starfsemi fyrirtækja sem sjóðurinn fjárfestir í, til að styrkja bæði stýringu eignasafns sem og stuðla að virku eignarhaldi.

Verklagi sjóðsins má skipta upp í þrjá meginflokka, stýringu eignasafns, virkt eignarhald og upplýsingagjöf, en meginþætti hvers flokks má sjá hér fyrir neðan.

Stýring eignasafns

- UFS-spurningalisti
- UFS-mat (frá þriðja aðila)
- UFS-áhættumat (atvinnugrein/tegund fjárfestinga)
- Sjálfbærniskýrslur
- Lagarammi
- Alþjóðlegir staðlar og mælikvarðar
- Skilgreindir verkferlar

Virkt eignarhald

- Uppbyggileg samtöl
- Mæting á hluthafafundi
- Eftirfylgni með þróun UFS-mála
- Áhættustýring
- Sjálfbærnivíðmót þriðja aðila við greiningu upplýsinga (yfirsýn/upplýsingar)

Upplýsingagjöf

- Upplýsingagjöf um ráðstöfun atkvæða á hluthafafundum
- Árangurstengd sjálfbærniskýrslugjöf
- Alþjóðleg skýrslugjöf til UN-PRI og CIC
- Upplýsingar á vef: UFS-greining eignasafns/einkunn og flokkun eigna
- Aðildarfélög og virk þátttaka

Verkefni ársins

Ráðist var í fjölbreytt verkefni á sviði sjálfbærni innan LSR á árinu. Meðal helstu verkefna má nefna:



Uppfært mat á lagalegum ramma sjálfbærnimála kynnt fyrir stjórn



Framkvæmd á tvöfaldri mikilvægisgreiningu



Verkferlar við nýfjárfestingar skilgreindir



Verkferlar við eftirfylgni fjárfestinga skilgreindir



Sjálfbærnivinnustofur með eignastýringu LSR



UFS-spurningalistar vegna innlendra fjárfestinga uppfærðir m.t.t. áhættuþátta atvinnugreina



Greining gerð á fjármagnaðri losun innlends eignasafns (PCAF)



Dýpri úttekt á loftslagsáhættu sjóðsins

Umhverfislegir þættir

LSR leitast við að leggja sitt af mörkum til að draga úr vistspori sínu með markvissum aðgerðum. Sjóðurinn vill vera til fyrirmyndar þegar kemur að umhverfismálum í rekstri og hafa þannig áhrif á nærumhverfi sitt og samfélagið í heild. Sjóðurinn rekur eina skrifstofu í Reykjavík og er starfsemin með þeim hætti að bein umhverfisáhrif af rekstri sjóðsins eru óveruleg. Þrátt fyrir að reksturinn sem slíkur sé ekki líklegur til að hafa skaðleg áhrif á umhverfið telur LSR mikilvægt að gæta að þessum áhrifum og er umhverfissjónarmiða gætt í hvívetna í rekstri LSR. Helstu umhverfisáhrif sjóðsins eru vegna fjárfestinga sjóðsins og útlána, og því miðast upplýsingagjöf sjóðsins við að upplýsa um áhrif, áhættur og tækifæri innan þess umfangs.

Tvöföld mikilvægisgreining

Á árinu 2024 var tvöföld mikilvægisgreining í fyrsta sinn framkvæmd hjá sjóðnum, en hún felur í sér mat á því hvaða sjálfbærniþættir skipta mestu máli fyrir starfsemi fyrirtækis út frá tveimur sjónarhornum. Annars vegar fjárhagslegu mikilvægi, sem snýr að því hvernig sjálfbærniþættir hafa áhrif á rekstur, afkomu og verðmætasköpun fyrirtækisins, og hins vegar áhrifamikilvægi, sem metur hvernig starfsemi fyrirtækisins hefur áhrif á umhverfi, samfélag og hagsmunaaðila.

Við framkvæmd greiningarinnar hjá LSR voru metin helstu áhrif, áhættuþættir og tækifæri sjóðsins. Unnið var út frá tvöföldu efnisviðmiðunum sem skilgreind eru í ESRS 1 og leiðbeiningum EFRAG. Fyrsta skrefið í að meta áhrif, áhættuþætti og tækifæri fól í sér kortlagningu á starfsemi LSR, virðiskeðju og hagaðilum. Áhrif, áhættuþættir og tækifæri voru metin með tilliti til gerð áhrifa (jákvæð/neikvæð), hvar áhrifin eiga sér stað (í eigin starfsemi/í virðiskeðju) ásamt því hvort um er að ræða raunveruleg áhrif eða hugsanleg áhrif.

Loftslagsbreytingar, mannauður, samfélag, neytendur og endanotendur sem og viðskiptasiðferði voru þeir flokkar sem vógu hátt bæði við mat á fjárhagslegum áhrifum og áhrifamikilvægi. Niðurstöður mats fyrir þessa áhrifaþætti má sjá í töflunni hér fyrir neðan.

Niðurstöður tvöfaldrar mikilvægisgreiningar

Efni		Áhrif, áhættur og tækifæri	Jákvæð áhrif Neikvæð áhrif	Í eigin starfsemi Í virðiskeðju	Raunveruleg áhrif Hugsanleg áhrif
Umhverfislegir þættir	Loftslagsbreytingar	Loftslagsáætla Kolefnisfótspor Sjálfbær nýting auðlinda Umhverfisvænir orkugjafir			
Félagslegir þættir	Mannauður	Jafnrétti Starfsumhverfi Velferð og öryggi starfsfólks			
	Samfélag	Ábyrgar upplýsingar Ábyrg starfsemi			
	Neytendur og viðskiptavinir	Gagnaöryggi og persónuvernd Fjárhagsleg velferð Jafnræði			
Stjórnarhættir	Viðskiptasiðferði	Eftirlit og áhættustýring Góðir stjórnarhættir Orðspor og traust Fylgni við lög og reglur Gagnsæi í starfsemi Spilling og mútur			


Mat á áhrifum af starfsemi LSR

Í töflunum hér fyrir neðan má svo sjá mat á helstu áhrifum, áhættu og tækifærum við starfsemina, ásamt mikilvægisgreiningu.

		Jákvæð áhrif	Neikvæð áhrif	Áhætta	Tækifæri
	Loftslagsbreytingar	Fjármagna og styðja við umbreytingarferli fyrirtækja Umhverfissvænar fjárfestingar	Kolefnislosun frá lánasafni, eignasafni og eigin starfsemi	Loftslagstengd umbreytingaráhætta Raunlæg loftslagsáhætta	Fjárfesta í tækifærum sem stuðla að aðlögunar- og mótvægisaðgerðum loftslagsbreytinga Ýta undir aðlögun
	Mannauður	Jafnrétti Velferð og öryggi starfsfólks Starfsumhverfi			Jöfn tækifæri óháð kyni Auka starfsánægju með því að huga að traustu og góðu starfsumhverfi
	Samfélag	Ábyrg starfsemi Ábyrgar upplýsingar			Uppbygging innviða Stuðla að sjálfbærnu samfélagi með fjárfestingum sjóðsins
	Neytendur og endanotendur	Fjárhagsleg velferð Jafnræði		Gagnaöryggi og persónuvernd	
	Viðskiptasiðferði	Góðir stjórnarhættir Ítarlegt eftirlit Gagnsæi í starfsemi		Peningaþvætti Spilling og mútur Orðspor og traust	Ýta undir góða stjórnarhætti í eignasafni Drifkraftur breytinga

Áhrif, áhættur og tækifæri eru metin með tilliti til þess tímabils sem greiningin er framkvæmd. Skilgreind áhrif (jákvæð/neikvæð), hvar þau eiga sér stað (í eigin starfsemi/í virðiskeðju) sem og hvort um er að ræða hugsanleg áhrif eða raunveruleg áhrif eru sérstaklega skoðuð og forgangsraðað eftir atvikum. Tekið er fram að ekki er um að ræða tæmandi lista en einblínt á þá þætti sem sjóðurinn og hagaðilar meta sem helstu áhrif, áhættur og tækifæri í tiltekinni greiningu. Unnið er sérstaklega með þessa þætti áfram. Árlega eru þessi þættir endurskoðaðir og uppfærðir í samræmi við niðurstöður.

Mikilvægisgreining



Ef metið er að þættir hafi annað hvort verulegt eða afgerandi mikilvægi bæði á sviði áhrifamikilvægis og fjárhagslegs mikilvægis falla þeir undir tvöfalt mikilvægi.

Umhverfisáhrif LSR

Á árinu var loftslagsáættumat sjóðsins uppfært, þar sem skilgreind var helsta raunlæga áhætta og umbreytingaráhætta sjóðsins.

- Raunlæg áhætta:**
Felur í sér beinar, áþreifanlegar afleiðingar loftslagsbreytinga, eins og t.d. tjón af völdum veðuröfga.
- Umbreytingaráhætta:**
Snýr að þeim áskorunum sem fyrirtæki standa frammi fyrir við að laga sig að nýju regluverki, tækni og samfélagskröfum sem fylgja orkuskiptum og kolefnishlutleysi.

Eignasafn LSR var kortlagt út frá landsvæðum og atvinnugreinum til að meta helstu sjálfbærniáhættu ásamt því að framkvæmd var greining á fjármagnaðri losun LSR vegna fjárfestinga og útlána sjóðsins.

Kolefnislosun er flokkuð í þrjá flokka eftir umfangi:

- Umfang 1 – bein losun gróðurhúsalofttegunda:**
Innan þessa flokks er bein losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi. Þetta á t.d. við um farartæki í eigu starfseminnar og húsnæði.
- Umfang 2 – óbein losun af orkunotkun:**
Öll óbein losun sem stafar af orkunotkun, t.d. kaup á hita og rafmagni.
- Umfang 3 – önnur óbein losun:**
Öll önnur óbein losun sem á sér stað í virðiskeðjunni. Þetta eru t.d. losun frá aðkeyptri þjónustu og vöru, samgöngum starfsfólks og fjárfestingum.

Niðurstöðu úr þeirri greiningu má finna í sjálfbærniuppgjöri. Þótt rekstur sjóðsins (umfang 1 og 2) hafi óveruleg umhverfisáhrif, er lögð áhersla á að gæta að þeim. Mestu umhverfisáhrifin eru innan umfangs 3, vegna fjárfestinga og útlána. Því beinist upplýsingagjöf sjóðsins að áhrifum, áhættu og tækifærum þar.

Greining á losun gróðurhúsalofttegunda við starfsemi LSR

Losun gróðurhúsalofttegunda - Umfang 1, 2 og 3		†CO2 ígildi 2024
Umfang 1 og 2		
Rafmagn		0,031
Vatnsnotkun (heitt vatn)		1,651
Umfang 3		
Úrgangur frá rekstri		0,991
Viðskiptaferðir (flug)		5,554
Fjármögnuð losun (73% af innlendu eignasafni)		113,201

Félagslegir þættir

LSR leggur áherslu á jafnrétti í starfsemi sinni og setur heilbrigt og öruggt starfsumhverfi í forgang. Í mannauðsstefnu sjóðsins er m.a. fjallað um ráðningar, starfslýsingar, vinnutíma, aðbúnað og vinnuumhverfi. Einnig er fjallað um endurmenntun, fræðslu og þjálfun, sem eru allt mikilvægir þættir í að efla og hvetja starfsfólk.

Starfsánægjukönnun

Árlega er framkvæmd starfsánægjukönnun meðal starfsfólks sjóðsins þar sem könnuð er starfsánægja út frá tilteknum matsflokkum. Niðurstöður eru nýttar í greiningu áhættumats meðal starfsfólks og gefur góða innsýn í starfsmannamál sjóðsins og hvar mætti gera úrbætur. Heildareinkunn LSR fyrir árið 2024 var 4,3 og helst óbreytt frá fyrra ári.

Heildareinkunn úr starfsánægjukönnun LSR

4,3/5
2024

Kynjaskipting starfsfólks

2024 2023
83% konur 75% konur
17% karlar 25% karlar

Kynjaskipting stjórnenda

2024 2023
57% konur 57% konur
43% karlar 43% karlar

Sjóðurinn vinnur samkvæmt eigin jafnlaunastefnu en sjóðurinn skuldbindur sig til að greiða sömu laun og kjör fyrir jafnverðmæt störf óháð kyni.

Fræðsla

64
starfsmenn sóttu námskeið á árinu

42
námskeið haldin á árinu

16
námskeið sótt af öllu starfsfólki

Stjórnarhættir

Stjórn LSR hefur sett sér starfsreglur sem hún starfar eftir og er þeim ætlað að styðja við góða stjórnarhætti í starfsemi sjóðsins. Stjórnarmenn skulu haga störfum sínum í einu og öllu með hagsmuni sjóðsins að leiðarljósi og er í starfsreglunum kveðið á um að stjórnarmenn megi ekki gera ráðstafanir sem eru til þess að afla ákveðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna umfram aðra aðila eða á kostnað sjóðsins. Stjórn LSR og starfsfólk gera sér ljósa þá ábyrgð sem fylgir því að hafa umsjón með fjármunum sjóðsins.

Í ábyrgðinni felst m.a. að fara eftir þeim lögum og reglum sem gilda, að hagsmunir sjóðfélaga séu í fyrirrúmi og að fjárfestingar sjóðsins byggji á góðu viðskiptasiðferði. Stjórn og starfsfólk skulu vinna gegn mútum, kúgun, fjársvikum og annarri spillingu. Lögð er áhersla á gagnsæi og heiðarleika í viðskiptum til að koma í veg fyrir hvers konar spillingu. LSR viðhefur góða stjórnarhætti, stuðlar að traustum samskiptum og leggur áherslu á hlutlægni, heilindi, gagnsæi og ábyrgð í starfsemi sjóðsins.

Hagaðilar LSR og samskipti

LSR vill viðhalda sterku sambandi og traustum tengslum við hagaðila sjóðsins. Því eiga sér stað regluleg samtöl þar sem leitast er við að fá innsýn í stöðu hagaðila, væntingar og þróun. Þetta gerir okkur kleift að samræma forgangsroðun sjóðsins, verkefni og verkferla með hagsmuni hagaðila okkar til hliðsjónar. Sjóðurinn er að jafnaði stór fjárfestir innan þeirra innlendu félaga sem hann fjárfestir í, þótt lagaskorður hindri að sjóðurinn fari yfir 20% hlutdeild í hverju félagi. Slíku eignarhaldi fylgir ábyrgð og horfir sjóðurinn til þess að hafa jákvæð áhrif í þeim félögum sem hann fjárfestir í, hvort heldur með beinni eða óbeinni aðkomu.

Samskipti	Væntingar	Aðgerðir	Stefnur og reglur
-----------	-----------	----------	-------------------

Hagaðilar	Samskipti
Fulltrúar félaga sem LSR hefur fjárfest í	Tölvupóstar, fundir og símtöl Aðalfundir félaga Hluthafafundir Beiðnir / fyrirspurnir /eftirfylgni
Þjónustuaðilar og birgjar	Samtal í gegnum samningagerð og eftirlit Skýrar væntingar í gegnum siðareglur LSR
Stjórn og starfsfólk LSR	Starfsánægjukönnun Starfsmannafundir Stjórnarfundir Regluleg samtöl við næsta yfirmann
Sjóðfélagar	Ársfundur LSR Á Mínum síðum á vefsvæði Tölvupóstsamskipti Fyrirspurnir til ráðgjafa LSR
Eftirlitsaðilar og stjórnvöld	Formlegar og óformlegar fyrirspurnir, fundir, osfrv. Sérfræðiálit í opinberu samráði Þátttaka/samskipti v. reglugerðabreytinga

Samskipti	Væntingar	Aðgerðir	Stefnur og reglur
-----------	-----------	----------	-------------------

Hagaðilar	Væntingar hagaðila til LSR
Fulltrúar félaga sem LSR hefur fjárfest í	Traust og góð samskipti Ábyrgur fjárfestir Svigrúm til að mæta kröfum Fagmennska
Þjónustuaðilar og birgjar	Fylgni við skilmála samninga Ábyrgur kaupandi
Stjórn og starfsfólk LSR	Ábyrgur vinnuveitandi Sanngjörn ráðningarkjör Tækifæri til faglegrar þróunar Heilbrigt og öruggt starfsumhverfi Jafnræði á vinnustað Góð forysta
Sjóðfélagar	Gott aðgengi að upplýsingum Örugg og traust starfsemi Upplýsinga- og gagnaöryggi Góð þjónusta Sjálfbærnisjónarmið
Eftirlitsaðilar og stjórnvöld	Lagalegar kröfur uppfylltar Áreiðanleiki og gagnsæi upplýsinga Traust áhættustýring Samræmd nálgun v. loftslagstengdra málefna

Samskipti	Væntingar	Aðgerðir	Stefnur og reglur
-----------	-----------	----------	-------------------

Hagaðilar	Aðgerðir
Fulltrúar félaga sem LSR hefur fjárfest í	UFS-mat og greining Eftirfylgni UFS-mála Verkferlar við nýjar fjárfestingar UFS-spurningalistar
Þjónustuaðilar og birgjar	Skýr sjálfbærnistefna og eftirfylgni Sambættir verkferlar við samninga og eftirlit
Stjórn og starfsfólk LSR	Úrvinnsla starfsánægjukönnunar Frammistöðusamtöl Aðgerðir v. jafnlaunavottunar Regluleg samskipti Upplýsingar í gegnum Innra net
Sjóðfélagar	Regluleg áhættustýring Aðgerðir v. upplýsingaöryggis Lágmarka kolefnisspor Bætt notendaupplifun
Eftirlitsaðilar og stjórnvöld	Samstarf við yfirvöld og eftirlitsaðila Svör fyrirspurna / verkefni vegna málefna sem snerta LSR Framkvæmd á loftslagsáhættumati

Samskipti	Væntingar	Aðgerðir	Stefnur og reglur
-----------	-----------	----------	-------------------

Hagaðilar	Stefnur og reglur
Fulltrúar félaga sem LSR hefur fjárfest í	Sjálfbærnistefna Eigendastefna Fjárfestingastefna
Þjónustuaðilar og birgjar	Sjálfbærnistefna Útvistunarstefna Siða- og samskiptareglur
Stjórn og starfsfólk LSR	Sjálfbærnistefna Mannauðsstefna Starfslokastefna Starfskjarastefna Jafnlaunastefna og jafnréttisáætlun Stefna gegn einelti, áreitni og ofbeldi Samgöngustefna Stefna um vinnuvernd
Sjóðfélagar	Sjálfbærnistefna Upplýsingaöryggisstefna Skjala- og upplýsingastefna Þjónustustefna Vefstefna Persónuverndarstefna Áhættustefna Fjárfestingastefna
Eftirlitsaðilar og stjórnvöld	Sjálfbærnistefna Áhættustefna Eigendastefna Fjárfestingastefna

Ársskýrsla LSR 2024


Starfsemi

Starfsfólk


Í lok árs 2024 störfuðu 63 hjá LSR í 61 stöðugildi. Hjá LSR starfar fjölbreyttur hópur fólks hvort sem litið er til menntunar, þekkingar eða aldurs. Mikil þekking og starfsreynsla er á meðal starfsfólks en meðalaldur þess er um 45 ár og meðalstarfsaldur 7 ár.

Sjóðurinn hefur sett sér mannauðsstefnu. Markmið hennar er m.a. að styrkja mannauð sjóðsins, laða til starfa hæfa einstaklinga og gefa þeim tækifæri til að nýta kunnáttu sína og frumkvæði í þágu sjóðfélaga. Stefnunni er jafnframt ætlað að vera hvatning fyrir starfsfólk og stjórnendur til að skapa faglegt, krefjandi, skemmtilegt og fjölskylduvænt vinnuumhverfi.

Aldur starfsfólks



Starfsaldur starfsfólks




Stuðlað er að heilsuvernd starfsfólks með skipulegum hætti, m.a. með þátttöku sjóðsins í íþróttaiðkun starfsmanna og reglulegri heilsufarsmælingu ásamt yfirferð á vinnuaðstöðu. Þá hefur LSR sett sér samgöngustefnu þar sem starfsfólk er hvatt til að nýta vistvæna samgöngumáta. Starfsfólki sem notar að jafnaði vistvæna samgöngumáta við ferðir til og frá vinnu er boðið að gera samgöngusamning við sjóðinn og fá samgöngustyrk sem nemur skattfrelsismarki slíkra styrkja.

Þá er starfsfólki jafnframt boðið upp á að vinna hluta vinnutíma sinn í fjarvinnu, sem eykur sveigjanleika starfsfólks og dregur úr vistspori sjóðsins með færri ferðum til og frá vinnu.

Skipurit og stjórnendur

Starfsemi LSR fer fram á þremur sviðum: eignastýringu, lífeyris- og lánasviði. Stoðsviðin eru tvö: fjármálasvið og stafræn þróun og rekstur. Svið áhættustýringar heyrir beint undir framkvæmdastjóra og er óháð öðrum starfseiningum sjóðsins.

Skipurit LSR



Framkvæmdastjóri og sviðsstjórar LSR

Harpa Jónsdóttir Framkvæmdastjóri		
Anna Björk Sigurðardóttir Lífeyrisvið	Elísabet Þórey Þórisdóttir Lánasvið	Halla Kristjánsdóttir Eignastýring
Þorkell Sigurgeirsson Fjármálasvið	Einar Birkir Einarsson Stafræn þróun og rekstur	Sveinn Gunnlaugsson Áhættustýring og innra eftirlit

Lög, samþykktir, stefnur og reglur

LSR starfar eftir lögum nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins ásamt almennu lífeyrissjóðalögunum nr. 129/1997. Sjóðurinn starfar jafnframt eftir Samþykktum fyrir Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, en nýjasta útgáfa þeirra er frá 19. apríl 2024.

Þessu til viðbótar hefur sjóðurinn sett sér stefnur og reglur sem segja til um ýmsa helstu þætti starfseminnar. Samþykktir sjóðsins, stefnur og reglur eru allar aðgengilegar á vef LSR.

[Yfirlit á vef LSR](#)

Helstu stefnur sem sjóðurinn starfar eftir eru:

Áhættustefna:

Stefna stjórnar um þá áhættu sem stjórnin er reiðubúin til að taka í rekstrinum í samræmi við markmið og framtíðarsýn sjóðsins.

Fjárfestingarstefnur:

Hver deild LSR hefur sína fjárfestingarstefnu þar sem tilgreindar eru þær megináherslur sem unnið er eftir við ávöxtun á fjármunum deildarinnar.

Eigendastefna:

Leggur línurnar um aðkomu LSR að þeim félögum sem sjóðurinn fjárfestir í, svo sem val á stjórnarmönnum, mat á stjórnarháttum, ráðstöfun atkvæða á hluthafafundum og fleira.

Jafnlaunastefna og jafnréttisáætlun:

LSR skuldbindur sig til að greiða sömu laun og kjör fyrir jafnverðmæt störf óháð kyni og segir jafnlaunastefna og jafnréttisáætlun til um hvernig það skuli tryggt.

Sjálfbærnistefna:

Lýsir megináherslum sjóðsins varðandi sjálfbærni. Stefnan tekur bæði til innri starfsemi sjóðsins og einnig til þess hvernig sjóðurinn lítur til sjálfbærni í fjárfestingum.

Starfskjarastefna:

Segir til um þau viðmið sem sjóðurinn skal starfa eftir hvað varðar starfskjör starfsfólks.

Upplýsingaöryggisstefna:

Lýsir áherslum sjóðsins þegar kemur að vernd upplýsingaeigna sjóðsins og hlítu við fyrirmæli stjórnvalda auk þess að segja til um verklag og ábyrgð.

Stjórnarháttayfirlýsing:

Segir til um þá stjórnarhætti sem LSR starfar eftir og veitir yfirsýn yfir helstu reglur og stefnur.

Ársskýrsla LSR 2024


English overview

Role of the fund

The principal role of LSR is to pay pensions to its members upon retirement and throughout their lives and to ensure their families with a pension following a loss of income due to an impaired ability to work or due to death. The fund receives contributions and invests them in order to meet the liability regarding old-age pension, disability pension, spouse's pension and children's allowance. Furthermore, the fund grants loans against a mortgage to fund members and accepts and invests voluntary pension savings.

Financial Overview

Assets



Asset Portfolio by Divisions

Total	Division A	Division B	Private pension
Asset types	Total assets (m.kr.)		% of Total assets
Government and municipal bonds	273,760		17.6%
Government bonds	232,996		15.0%
Municipal bonds	40,765		2.6%
Mortgage bonds	193,821		12.5%
Member loans	127,484		8.2%
Mortgage bonds and funds	30,604		2.0%
Covered bonds	35,732		2.3%
International fixed income	38,805		2.5%
International fixed income funds	38,805		2.5%
Other fixed income	114,411		7.3%
Corporate bonds	93,002		6.0%
Financial Institution bonds	15,081		1.0%
Domestic fixed income funds	6,328		0.4%
Cash and deposits	55,811		3.6%
Deposits	54,055		3.5%
Liquidity funds	1,757		0.1%
Domestic equities	236,640		15.2%
Domestic listed equities	217,826		14.0%
Domestic alternative investments	18,814		1.2%
International equities	643,388		41.3%
International listed equities	519,595		33.4%
International alternative investments	123,794		8.0%
Total	1,556,637		100%

Division A

Total	Division A	Division B	Private pension
Asset types	Total assets (m.kr.)	% of Total assets	
Government and municipal bonds	219,140	17.0%	
Government bonds	183,189	14.2%	
Municipal bonds	35,951	2.8%	
Mortgage bonds	170,572	13.2%	
Member loans	107,969	8.4%	
Mortgage bonds and funds	29,026	2.2%	
Covered bonds	33,578	2.6%	
International fixed income	37,585	2.9%	
International fixed income funds	37,585	2.9%	
Other fixed income	96,469	7.5%	
Corporate bonds	81,805	6.3%	
Financial Institution bonds	13,580	1.1%	
Domestic fixed income funds	1,084	0.1%	
Cash and deposits	21,086	1.6%	
Deposits	19,329	1.5%	
Liquidity funds	1,757	0.1%	
Domestic equities	197,402	15.3%	
Domestic listed equities	179,443	13.9%	
Domestic alternative investments	17,958	1.4%	
International equities	548,651	42.5%	
International listed equities	426,112	33.0%	
International alternative investments	122,539	9.5%	
Total	1,290,906	100%	

Division B

Total	Division A	Division B	Private pension
Asset types	Total assets (m.kr.)		% of Total assets
Government and municipal bonds	53,581	22.8%	
Government bonds	49,021	20.9%	
Municipal bonds	4,560	1.9%	
Mortgage bonds	22,922	9.8%	
Member loans	19,516	8.3%	
Mortgage bonds and funds	1,578	0.7%	
Covered bonds	1,828	0.8%	
International fixed income	1,210	0.5%	
International fixed income funds	1,210	0.5%	
Other fixed income	12,714	5.4%	
Corporate bonds	11,197	4.8%	
Financial Institution bonds	1,500	0.6%	
Domestic fixed income funds	16	0.0%	
Cash and deposits	19,529	8.3%	
Deposits	19,529	8.3%	
Liquidity funds	0	0.0%	
Domestic equities	37,064	15.8%	
Domestic listed equities	36,208	15.4%	
Domestic alternative investments	856	0.4%	
International equities	87,538	37.3%	
International listed equities	86,284	36.8%	
International alternative investments	1,254	0.5%	
Total	234,558	100%	

Private pension

Total	Division A	Division B	Private pension
Asset types	Total assets (m.kr.)		% of Total assets
Government and municipal bonds	1,039		3.3%
Government bonds	785		2.5%
Municipal bonds	253		0.8%
Mortgage bonds	326		1.0%
Member loans	0		0.0%
Mortgage bonds and funds	0		0.0%
Covered bonds	326		1.0%
International fixed income	10		0.0%
International fixed income funds	10		0.0%
Other fixed income	5,228		16.8%
Corporate bonds	0		0.0%
Financial Institution bonds	0		0.0%
Domestic fixed income funds	5,228		16.8%
Cash and deposits	15,196		48.7%
Deposits	15,196		48.7%
Liquidity funds	0		0.0%
Domestic equities	2,175		7.0%
Domestic listed equities	2,175		7.0%
Domestic alternative investments	0		0.0%
International equities	7,199		23.1%
International listed equities	7,199		23.1%
International alternative investments	0		0.0%
Total	31,173		100%

In 2024, LSR had 31,997 active members on average while 25,901 members received pensions and other benefits on average. The fund pays over one-third of all pensions and benefits paid by Icelandic pension funds. LSR operates in three divisions, division A, division B and division S, which is a division for voluntary pension savings. All divisions have the same board but are financially separated from each other.

Net Investments

	Total
Government and municipal bonds	3,729
Government bonds	484
Municipal bonds	3,245
Mortgage bonds	11,250
Member loans	7,365
Mortgage bonds and funds	2,681
Covered bonds	1,205
International fixed income	6,053
International fixed income funds	6,053
Other fixed income	8,604
Corporate bonds	5,932
Financial Institution bonds	2,513
Domestic fixed income funds	160
Cash and deposits	-6,204
Deposits	-200
Liquidity funds	-6,004
Domestic equities	7,630
Domestic listed equities	5,976
Domestic alternative investments	1,654
International equities	-284
International listed equities	-8,623
International alternative investments	8,339
Total Investments	30,778

(m.kr.)

Return

	2024	2023
Nominal return	12.4%	9.2%
Net real return	7.1%	1.0%
Average five year net real return	2.8%	4.0%
Average ten year net real return	4.2%	4.4%